

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Almenn bókmenntafræði

„Álfarnir sjást með ævintýraauganu“  
Af samskiptum álfa og manna í Hamrinum í Hafnarfirði

Ritgerð til B.A. prófs í almennri bókmenntafræði  
Halldóra Pálmarsdóttir  
Kt.:030671-4579

Leiðbeinandi: Bryndís Björgvinsdóttir  
Maí 2017

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Almenn bókmenntafræði

„Álfarnir sjást með ævintýraauganu“  
Af samskiptum álfa og manna í Hamrinum í Hafnarfirði

Ritgerð til B.A. prófs í almennri bókmenntafræði  
Halldóra Pálmarsdóttir  
Kt.:030671-4579

Leiðbeinandi: Bryndís Björgvinsdóttir  
Maí 2017

„Áfarnir sjást með ævintýraauganu: Af samskiptum álfa og manna í Hamrinum í Hafnarfirði“. (Tilvitnun: Sjá Arnar Guðmundsson 1992).

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.A. prófs í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

© Halldóra Pálmarsdóttir 2017

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent  
Hafnarfjörður, 2017

## Ágrip

Í ritgerðinni er fjallað um álfasagnir og álfatrú. Megináhersla er lögð á að skoða virkni og birtingamyndir álfatrúar og álfasagna samtímans – og hvaða tilgangi sagnir af álfum og huldufólki þjóna fyrr og nú. Þá er þess freistað að komast að því hvort þessar sagnir hafi enn raunveruleg áhrif í samfélagi nútímans og hver þau áhrif þá eru. Til að svara rannsóknarspurningum ritgerðarinnar var rýnt í ólíkar textategundir sem segja frá trú manna á hliðarheim sem mönnum er oftast hulinn en þeir fá þó stöku sinnum ákveðna innsýn í. Þessar textategundir eru sagnir af ýmsum toga, svo sem ævintýri, þjóðsögur, flökkusagnir og fantasíur. Að lokum er sjónum beint að ákveðnu kennileiti í Hafnarfirði, Hamrinum svonefnda, sem setur mikinn svip á gamla bæinn og þar má jafnframt finna lífseigar munnlegar sagnir sem segja frá heimkynnum og heimsóknum álfa.

Niðurstaða þessarar rannsóknar er sú að líklega hafi trú á huldufólk, álfa og álagabletti gegnt mikilvægu hlutverki í samfélaginu en sögurnar gegndu oft því hlutverki að leiða fólk áfram í góðri breyttni, ekki síst í umgengni við náttúru landsins. Þá virðist nútímafólk enn taka tillit til álfa og huldufólks, til dæmis til bústaða þeirra í klettum og hólum. Þetta kemur fram í tengslum við ýmsar framkvæmdir, svo sem byggingaframkvæmdir og gatnagerð – þar sem áður ósnertu svæði er breytt í manngert umhverfi.

Samfélag hvers tíma virðist nota „sína“ álfa og sitt huldufólk til að spegla sig í. Í samanburði við mannheima virðist meiri festa og íhaldsemi vera í samfélagi álfa en í hinu sífbreytilega umhverfi mannanna. Heimur álfanna virðist breytast hægt og lítið. En að þessu leytnu til má segja að álfarnir endurspegli hugmyndir okkar um gamla íslenska sveitasamfélagið og fyrri tíma. Álfasagnir eru ekki bara einskonar dæmisögur til eftirbreytni, þær innhalda einnig fróðleik til að mynda um ákveðna staði, en eru líka einskonar skemmtiefni og dægrastytting sem tengir saman reynslu fólks af ólíkum kynslóðum. Þó að lítið sé til af skrásettu efni um hafnfirsku álfa kom í ljós í viðtölum að fólk sem býr í nálægð við Hamarinn segir sögur um álfabyggðina og álfadrottninguna í Hamrinum enn þann dag í dag. Þannig flytja þeir þessar sagnir áfram til nýrra kynslóða og nýrra ábúenda við álfabyggðina við Hamarinn í Hafnarfirði.

# Efnisyfirlit

Ágrip	4
Inngangur	6
1. Sagnir fyrr og nú	10
2. Aðrir heimar	13
2.1 Ævintýri	13
2.2 Þjóðsögur	14
2.3 Fantasía	17
3. Trú á huldar vættir	20
3.1 Hjátrú	20
3.2 Álfatrú	23
3.3 Huldufólk og náttúran	27
4. Af samskiptum álfa og manna í Hamrinum í Hafnarfirði	31
4.1 Velkomin í álfabæinn	31
4.2 Hamarinn	33
4.3 Mín eigin þjóðsaga	35
5. Lokaorð	38
Heimildir	41

## Inngangur

Tilfinningin er næstum því ólýsanleg. Hjartað kólnar snögglega og nánast stöðvast, það hægist á slögunum og þau hljóma hærra en venjulega. Líkaminn stirðnar og algjört máttleysi tekur yfir. Hugurinn fer á flakk og langar út úr aðstæðunum en kemst ekki neitt. Allt er frosið. Best þekki ég hljóð míns eigin hjartsláttar, hægt og rólega hægist á honum og hljóðið verður hærra. Svo hátt að það yfirgnæfir öll önnur hljóð, þögnina líka. Það er eins og tíminn hafi hægt á sér og ég lít upp, sný höfðinu hægt og rólega til hægri og horfi fram í skæra birtuna sem myndast hefur í forstofuherberginu. Hún er hávaxin og glæsileg. Klæðist hvítum síðum kjól og með grátt liðað hár niður fyrir axlir. Hún hefur langar og fallegar hendur, grannt andlit. Beinaber. Hún gengur tignarlega um forstofuna og inn í eldhúsið. Hún lítur ekki á mig eitt augnarblik. Hún veit ekki af mér. Ég veit af henni. Ég hef heyrt talað um hana og veit að hún býr í Hamrinum. Hvaða erindi hún á við mig í kvöld hef ég ekki hugmynd um.<sup>1</sup>

Atvikið hér að ofan er mér enn í fersku minni. Ég var sennilega ellefu ára þegar ég varð vitni að heimsókn huldukonunnar á æskuheimili mitt – húsið við Brekkugötu 7 í Hafnarfirði, húsið undir Hamrinum. Aldrei síðan hef ég orðið vitni að neinu í líkingu við þessa sýn en áhugi minn á málefnum sem tengjast öðrum heimum og hinu yfirnáttúrulega hefur fylgt mér síðan. Ég hef reynt að umgangast náttúruna og þá orku sem hún geymir af virðingu og umhyggju því fyrir mér er náttúran lífið sjálft. Sem barn var ég stolt af garðinum mínum og umhverfi hans en hluti af Hamrinum var mitt leiksvæði og þar þekkti ég hvern hól og stein. Álfasteinn<sup>2</sup> stóð þar hnarreistur við lóðamörkin sem annars voru mjög óskýr að öðru leyti. Þrjú „jólátré“, álfasteinn og lítil nestisflöt mörkuðu skil milli heimkynna álfa og manna – okkar og þeirra.

Allt tal um álfa eða álfasteina er ekki nýtt af nálinni. Trú á huldufólk hefur blundað lengi með þjóðinni, líklega allt frá landnámi. Sem dæmi má einnig nefna að norski konungurinn Ólafr Guðröðarson gekk aftur eftir dauða sinn sem álfur og var þá kallaður Ólafr Geristaðaálfr – en Ólafur þessi var konungur í Noregi á fyrri hluta þrettándu aldar. Ólafr á að hafa ofsótt menn sem nálgudust kuml hans.<sup>3</sup> Álfar og huldufólk er talið búa í hliðarheimi við okkur en deilir þó einnig landsvæði og rými með okkur. Sögur af álfum og huldufólki eru oft sögur um einskonar árekstra vegna rýmisins sem við deilum – og hvernig eigi að nýta það.

Í þáttunum *Reimleikar* sem sýndir voru á RÚV síðasta haust og fjölluðu um drauga- og álfatrú, segir bókmenntafræðingurinn Aðalheiður Guðmundsdóttir að við

<sup>1</sup> Hluti af smásögu sem ég samdi um reynslu af því að sjá huldukonu á æskuheimili mínu á Brekkugötu sjö þegar ég var ellefu ára.

<sup>2</sup> Fjölskyldan mín kallaði steininn *álfastein* og við töluðum um álfadrengr sem byggi í honum.

<sup>3</sup> Ármann Jakobsson 2006:5

mannfólkið „höfum öll þörf til að láta reyna á eigin hræðslumörk ... við verðum að horfast í augu við óttann, með því erum við að búa okkur undir lífið sjálft og því sem við getum mætt þar.“<sup>4</sup> Orð Aðalheiðar rímuðu vel við ofangreinda reynslu mína af því að vera ein heima – og fá óvænta heimsókn frá álfi sem gekk um æskiheimilið mitt. Sem börn búum við til okkar undraheim, heim fantasíu, sem hjálpar okkar að þroskast, takast á við raunveruleikann og lífið framundan. Að sjálfsögðu má deila um hvort að sögur af hefnigjörnum álfum, skrímslum, útilegumönnum, riddurum og prinsessum – eða öðrum þjóðsagnaverum – hæfi börnum, en til eru kenningar innan sálfræði sem halda því fram að með slíkum sögum geti börn speglað áhyggjur sínar og vandamál. Sálfræðingurinn Bruno Bettelheim heldur því til að mynda fram í bók sinni *The uses of Enchantment: The meaning and importance of fairy tales* að

Álfasögur og ævintýri, ólíkt öðrum bókmenntagreinum, fá barnið til að uppgötva sitt eigið sjálf og öðlast þá reynslu sem er nauðsynleg til að þróa persónuleikann áfram. Í sögnunum er gefið í skyn að fullnægjandi og gott líf sé innan seilingar þrátt fyrir hvers konar mótlæti – barnið verður að yfirstíga hindranir því án þeirra getur það aldrei öðlast sitt sanna sjálf né náð markmiðum sínum.<sup>5</sup>

Í sögum af álfum og huldufólki fléttast saman heimarnir tveir, „okkar“ heimur og „þeirra“. Með því að spegla okkur í hegðun álfanna getum við lært margt um okkur sjálf; svo sem háttsemi, sparsemi, nærgætni og sjálfbærni. Tengsl álfa og huldufólks við náttúruna eru órjúfanleg með öllu.

Fæstir trúá skilyrðislaust á álfa og huldufólk en þrátt fyrir það rata sögur af þeim reglulega í orðræðuna í samfélaginu, t.d. í fjölmiðla og blaðafréttir, og þá gjarnan í sambandi við framkvæmdir, ferðamál og þjóðlegan fróðleik.<sup>6</sup> Skemmst er að minnast framkvæmdanna í Gálgahrauni eða Garðahrauni á Álftanesi í janúar 2015 þegar álfasteinn var færður til af Vegagerð ríkisins og þannig var leitast við að varðveita bústað þeirra sem í steininum bjuggu.<sup>7</sup>

Hvort huldukonan sem ég sá í húsinu mínu var hreinn hugarburður, eða sprottin beint úr lesefninu sem ég hafði sótt í sem barn – en þá hafði ég mikinn áhuga á álfa-

---

<sup>4</sup> Bryndís Björgvinsdóttir. *Reimleikar*. 2016. Þáttur 1.

<sup>5</sup> Frumtexti: „Fairy tales, unlike any other form of literature, direct the child to discover its identity and calling, and the also suggest what experiences are needed to develop his character further. Fairy tales intimate that a rewarding, good life is within one’s reach despite adversity-but only if one does not shy away from the hazardous struggles without which one can never achieve true identity. These stories promise that if a child dares to engage in this fearsome and taxing search, benevolent powers will come to his aid, and he will succeed“. Heimild: Bettelheim, Bruno 1991:24

<sup>6</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:199

<sup>7</sup> Morgunblaðið 2015

og draugasögum – þá tel ég fyrir víst að ég hafi á þeim tíma verið upptekin af minni eigin hræðslu við myrkrið og það að vera ein heima. Þá velti ég einnig fyrir mér hvort ég hafi heyrt sögur um álfakonuna – sumir sögðu að hún væri sjálf álfadrottningin – frá eldri íbúum Brekkugötunnar, móður minni eða nágrönnum. Móðir mín segir að þegar þau fluttu í húsið 1975 þekktu þau ekkert til Hamarins eða Hafnarfjarðar. Seljendurnir sögðu þeim af álfum og huldufólki og létu það fylgja að enginn kippti sér neitt upp við það þó að hlutir hyrfu um stundarsakir, það væri huldufólkið í Hamrinum sem fengu eitt og annað á láni en skiluðu ævinlega aftur. Það fylgdi líka sögunni að þótt börn léku sér í Hamrinum alla daga hefði aldrei orðið slys þegar þau klifruðu upp kletta og stukku yfir gjótur. Álfarnir áttu að sjá til þess að ekkert henti börnin.

Í þessari ritgerð langar mig til að varpa ljósi á hvernig sagnir af huldufólki og álfum lifa í minningu fólks sem þekkir til Hamarsins í Hafnarfirði. Þó að Hafnarfjörður sé núorðið nefndur *Álfabærinn* eru ekki margar sögur skráðar um reynslu fólks af ferðum álfa í bænum eða af samskiptum álfa og manna. Þær sögur sem hafa verið skráðar í þjóðsagnaritum tengjast flestar Hamrinum sem er áberandi kennileiti í bænum og þar er sagt að búi huldufólk og álfar. Heimildir um álfatrú koma helst fram í samtölum við fólk sem býr eða hefur búið í nágrenni við álfa – það er að segja við álfasteina eða álfabyggð – og þær sagnir eiga yfirleitt ekkert skylt við það sem álfasjáendur sjá eða segja frá. Það að iðka einskonar álfatrú – eða trú á aðrar yfirnáttúrulegar verur sem fólk greinir örsjaldan eða aldrei með eigin augum – er ekki það sama og að vera með skyggigáfu og sjá álfa dags daglega.<sup>8</sup>

Í áður nefndum sjónvarpsþáttum – *Reimleikar* – var rætt við Andra Snæ Magnason rithöfund um álfatrú og sögur. Hann minnst þar á þjóðsögu sem hann las sem barn, um dreng sem heldur á epli og í gegnum eplið sér hann inn í annan heim, heim á mörkum hans eigin. Andri Snær segir ennfremur að unga kynslóðin þurfi líklega ekki á slíkum þjóðsögum að halda í dag þar sem hún heldur á sínu eigin Epli – iPhone eða Apple tölvu – sem gefur þeim innsýn inn í marga tilbúna heima.<sup>9</sup> Því má velta fyrir sér hvort að þjóðsögur af álfum, huldufólki, draugum og tröllum hafi aðeins svalað þörf fólks hér áður fyrr til að krydda líf sitt spennu og dulúð. Þeirri spurningu ætla ég að reyna að svara í ritgerðinni ásamt því að skoða hvort fólk

---

<sup>8</sup> Símon Jón Jóhannsson 2017

<sup>9</sup> Bryndís Björgvinsdóttir. 2016. *Reimleikar*. Þáttur 5.

búsett við Hamarinn í Hafnarfirði segi enn sögur um huldufólksbyggðina þar og hvernig álfatrúin – ef hún lifir þá enn – birtist á þessu svæði.

Til að fá tilfinningu fyrir því hvort fólk, sem annaðhvort hefur búið í nágrenni við Hamarinn eða haft brennandi áhuga á málefnum, héldi að álfatrú við Hamarinn lifði enn góðu lífi ræddi ég við nokkra einstaklinga um álfatrú almennt og um skráðar og óskráðar álfasögur af Hamrinum. Viðmælendur mínir voru þjóðfræðingur, leiðsögumaður, rithöfundur og svo faðir minn, íbúi á Brekkugötu 7 undir Hamrinum.

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla er almenn umfjöllun um sagnir og eru þar álfasagnir settar í samhengi við aðrar tegundir sagna. Í öðrum kafla verður fjallað um sagnir um aðra heima; ævintýri, þjóðsögur og fantasíur. Þriðji kaflinn er um þjóðtrú, hjátrú og svo álfatrú út frá hvoru tveggja þjóð- og hjátrú. Í fjórða kafla er rætt um *Hamarinn*, friðlýst kennileiti í Hafnarfirði og þær vættir sem þar eru sagðar búa. Í fimmta og síðasta kafla eru svo niðurstöður dregnar saman. Þá leitast ég við að nota margvíslegar heimildir á sviði þjóðfræði og bókmenntafræði, en einnig að tvinna kenningar fræðanna saman við mína eigin reynslu og upplifun af því að hafa alist upp næst við stóra og mikla álfabyggð – Hamarinn.

## 1. Sagnir fyrr og nú

*Sagnir* eru frásagnir í lausu máli og atburðir sagna eiga sér stað nær okkur í tíma eða þegar heimurinn er í aðalatriðum eins og hann er í dag. Þær eru oftar veraldlegar en helgar og meginpersónur þeirra eru mennskar.<sup>10</sup> Sagnir eru frásagnir með upphafi, miðju og endi og þær veita okkur innsýn í hugmyndir og áhyggjur sem eru almennar í samfélaginu. Hugmyndirnar eru ekki einstaklingsbundnar heldur er gert ráð fyrir að fólk miðli áfram því sem vekur áhuga þess og það telur að eigi erindi við aðra. Eins og annað þjóðfræðaeefni á borð við brandara og flökkusagnir þá eiga þjóðsagnir sér yfirleitt óþekkta höfunda, óljósan uppruna og aldur. Þær eru sagðar eftir minni og smekk og þær eru sniðnar til eftir aðstæðum hverju sinni.<sup>11</sup> Í sögnum er oft hægt að finna spegilmynd af lífi og gjörðum hvernar þjóðar – eða hóps – og í þeim er hugsanlega hægt að finna vísbendingar um þrár, ótta og vonir þeirra sem deila sögnunum og flytja þær áfram. Hver sögn er því ákveðin viðleitni til að skýra heiminn betur og skilgreina fyrirbæri sem eru jafnvel ofar mannlegum skilningi. Rakel Pálsdóttir skrifaði bókina *Kötturinn í örbylgjuofninum* sem út kom árið 2001 og þar segir hún eftirfarandi um flökkusagnir – sem einnig má segja um þjóðsagnir almennt: „Efni þeirra er sótt í samtímann [hverju sinni] og þær fjalla gjarnan um fyrirbæri sem við kunnum ekki fullkomlega skil á, okkur þykja ógeðfelld eða óttumst.“<sup>12</sup>

Allar sögur af vöttum eiga það sameiginlegt að geta tilheyrt ævintýrum en þau eru sagnabálgur sem teygir sig inn í alla flokka þjóðsagna.<sup>13</sup> Skilin milli þjóðsagna og ævintýra eru ekki alltaf skýr. Þjóðsögnum er hægt að skipta í ævintýri og sagnir en ævintýri eru talin ein höfuðgrein munnlegra sagna. Ólíkt ævintýrum eru sagnir stuttar – að minnsta kosti yfirleitt – og gerast í heimi sögumannsins. Sagnir eru líkar ævintýrum að því leyti að þær ferðast um víðan völl og stundum má finna sömu sagnirnar og sagnaminni á mismunandi stöðum í heiminum. Sem dæmi má nefna að árið 1982 kom út bókina *Öskubuska í austri og vestri* þar sem ýmsar útgáfur sögunnar af Öskubusku er að finna frá fjölmörgum mismunandi löndum.<sup>14</sup> Aðrar

---

<sup>10</sup> Gísli Sigurðsson 1996: 412–413

<sup>11</sup> Bryndís Björgvinsdóttir 2012:414

<sup>12</sup> Rakel Pálsdóttir 2001:9

<sup>13</sup> Ólína Þorvarðardóttir 1995:9

<sup>14</sup> Svava Jakobsdóttir 1982

sagnir eru staðbundnar og þær eru þá aðeins að finna í einu landi eða í einu héraði. Staðbundnar sagnir byggja stundum á raunverulegum atburðum.<sup>15</sup>

Sögnum hefur venjulega verið miðlað manni frá manns um langan aldur og það er áhugavert að skoða hvort þær sagnir sem áður sögðu frá dularfullum skógum, óbyggðum eða fjöllum þar sem tröll, álfar og útilegumenn bjuggu, nái til fólks enn þann dag í dag. Nú eru það staðir eins og skúmaskot stórborga, flóttamenn og innflytjendur eða jafnvel rottur sem gætu orðið kveikjan að nýjum tegundum sagna sem eiga eftir að lifa með okkur um aldur og ævi.<sup>16</sup> Slíkar sagnir kallast flökkusagnir og er stundum sagt að þær séu einskonar nútíma þjóðsögur.

Sagnir hverskonar eru eins og áður sagði spegill á það samfélag sem við búum í og geta varpað ljósi á ríkjandi viðmið samfélagsins hverju sinni. Sagnir fela í sér ákveðinn boðskap og þær leggja okkur lífsreglur og vara okkur um leið við afleiðingum óæskilegrar hegðunar.<sup>17</sup> Flökkusagnir gegna til að mynda því hlutverki að breiða út ákveðinn siðaboðskap og hafa verið skrifaðar margar bækur og greinar um þær viðvaranir sem þær lýsa: *Kötturinn í örbylgjuofninum*<sup>18</sup> eftir Rakel Pálsdóttur, *The mexican Pet: More “New“ Urban Legends and Some Old Favourites*<sup>19</sup> eftir Jan Harold Brunvand, *Did you hear about the girl who...?*<sup>20</sup> eftir Henken and Whatley og „Stóra nammilandsmálið: ½ gramm af njálgi gert upptækt“<sup>21</sup>, grein eftir Bryndísi Björgvinsdóttir svo eitthvað sé nefnt.

Þó svo að sagnirnar geti verið fordómafullar og íhaldssamar þá má engu að síður nýta sagnahefðina til að takast á við fordóma. Sagnahefðin getur gefið fólki tækifæri til að kljást við ýmis áhyggjuefni sem endurspeglast í sögnunum, endurmóta þessar áhyggjur og ræða þær sín á milli. Í kjölfar þess að einhver segir sögu, þá skapast gjarnan umræður sem aðstoða fólk við að takast á við vandamál og bera saman bækur sínar. Í bókinni *Did you hear about the girl who...?* sem fjallar um flökkusagnir eru tekin dæmi um flökkusagnir, gamlar og nýjar, sem fjalla um hreinlæti, kynlífshegðun unglunga og kynhneigð svo eitthvað sé nefnt og er rýnt í þessi málefni með því að rýna í sjálfar flökkusagnirnar sem gengið hafa manna á milli. Höfundar leitast þannig við að uppræta algengar hugmyndir um þessi málefni,

---

<sup>15</sup> Gísli Sigurðsson 1996:493

<sup>16</sup> Rakel Pálsdóttir 2001:10

<sup>17</sup> Rakel Pálsdóttir 2001:13

<sup>18</sup> Rakel Pálsdóttir 2001

<sup>19</sup> Brunvand 1988

<sup>20</sup> Whatley og Henken 2000

<sup>21</sup> Bryndís Björgvinsdóttir 2008

sem eru jafnvel ekki æskilegar, með því að gagnrýna sagnirnar og þau sjónarhorn sem þær birta, uppræta þá fordóma sem þær lýsa, og nota þær í kennslu, sérstaklega í kennslu um kynheilbrigði og til að skapa umræður um slíkt: „Þjóðfræðaeefni getur opnað fyrir umræður um málefni sem mörgum getur ekki þótt hæfa kennslustofunni, en efnið er engu að síður í umferð og berst á hverjum degi á milli nemenda,“<sup>22</sup> skrifa höfundarnir í inngangi bókarinnar.

Sagnir vekja gjarnan umræður og fólk hefur jafnan skoðanir á inntaki þeirra. Sagnir eru álitnar vera hluti af „þjóðarsálinni“ og þær þjóna þeim tilgangi að fræða, útskýra, styrkja ákveðin gildi og kenna okkur sitthvað um umhverfi okkar, samfélag og „okkur“ sjálf – hvort sem okkur hugnast boðskapur þeirra eða ekki. Sagnir breytast í takt við samfélagið og eiga einungis upp á pallborðið ef fólki finnst þær eiga erindi. Eigi sögn ekkert erindi lengur er líklegt að hún hverfi úr umferð, það er að segja, breytist hún ekki í takt við tímann.<sup>23</sup> Vegna þessa er áhugavert að rýna ekki aðeins í ritaðar heimildir um álfatrú eða álfasagnir, heldur fara einnig á stúfanna og spyrja fólk út í álfasagnir og skoðun þeirra á álfatrú. Með því er leitast við að skoða hvort álfasagnirnar séu enn í umferð og hvaða virkni þær hafa í dag.

---

<sup>22</sup> Frumtexti: „Folklore opens up possibilities for discussion that may be considered too controversial for the classroom but are circulating every day among the students.“ Heimild: Whatley og Henken 2000:x

<sup>23</sup> Whatley og Henken 2000:6

## 2. Aðrir heimar

### 2.1 Ævintýri

Eins og áður kom fram eru skilin milli ævintýra og þjóðsagna ekki alltaf skýr. Bæði þjóðsagnir og ævintýri voru sögð svo öldum skipti áður en sögurnar voru skráðar niður. Þá höfðu þær borist manna á milli yfir mislangan tíma og hver og einn sögumaður hafði sett sitt mark á sögnina, allt eftir því hvað sögumanninum fannst mikilvægast að kæmi fram í sinni sögu í tengslum við sinn samtíma, hlustendahóp og umhverfi. Í bók Bettelheim, *The uses of Enchantment: The meaning and importance of fairy tales*, segir að sum ævintýri hafi þróast út frá goðsögum á meðan önnur ævintýri hafi verið felld inn í goðsögur. Bettelheim heldur því einnig fram að mikilvægi ævintýra og sagna sé að finna í uppsafnaðri reynslu af mannlegu samfélagi fyrri tíma og ef til vill í von um að endurheimta þann vísdom sem sögurnar geyma og miðla áfram til komandi kynslóða.<sup>24</sup>

Svo virðist sem flestar sagnir, hvort sem þær eru ævintýri, þjóðsagnir eða munnmælasögur, hafi það hlutverk að gefa ákveðna mynd af samfélaginu á þeim tíma þegar þær eru sagðar. Með því að segja ævintýri og þjóðsögur segjum við börnum jafnt sem fullorðnum sögu sem hefur lengi varðveist í munnlegri geymd en er þó á einhvern hátt alltaf ný. Það er eins og maðurinn hafi þörf fyrir að fjalla sífellt um óvissuna um hver „við“ erum, hver „við“ viljum vera og hvernig „við“ viljum lifa lífinu. Í slíkum umfjöllunum eru skilin milli hulduheimsins eða ævintýraheimsins og raunveruleikans oft ekki eins auðsjáanleg og ætla mætti.<sup>25</sup> Skilaboðin eru gjarnan sú að „ekki sé allt sem sýnist“, og að ævintýrin gerist þegar á þau er trúað og ef maður trúir þá getur allt gerst.

Ævintýrin eru formúlukennd frásögn sem er ekki tengd tíma né stað og gerast í óraunverulegum heimi, ævintýraheimi. Talið er að ævintýri hafi verið sögð hér á landi, að minnsta kosti, frá því farið var að nota ritmál til að miðla frásögnum því minni þeirra og frásagnarliðir koma fram í íslenskum fornbókmenntum. Í fyrri tíð voru ævintýri ekki síður sögur fyrir fullorðna en voru efnistöð þeirra síðan milduð í þjóðsagnasöfnum 19. aldar meðal annars svo sögurnar gætu talist „prentæfar“. Nú orðið hafa útgefin ævintýri einkum verið ætluð börnum sem afþreyingarefni.<sup>26</sup>

---

<sup>24</sup> Frumtexti: „Some fairy and folk stories evolved out of myths; others were incorporated into them. Both forms embodied the cumulative experience of a society as men wished to recall past wisdom for themselves and transmit it to future generations.“ Heimild: Bettelheim, Bruno 1991:26

<sup>25</sup> Jón Yngvi Jóhannsson 1999:137

<sup>26</sup> Gísli Sigurðsson 1996: 484–485

Í ævintýrum birtast bæði frásagnarlist og siðalögmál sem hafa mótað menningarsvæðin sem við þekkjum best til. Rússneski bókmenntafræðingurinn Vladimír Propp hefur greint fastmótuð orðasambönd rússneskra ævintýra og frásagnarmynstur. Hann setti fram þá kenningu að ævintýrin séu stöðugt að segja og fella saman nýjar sögur úr áður sögðu efni. Jafnframt takast á í ævintýrum

góð og ill öfl; mannúð, örlæti, ást, tryggð og vinátta, gegn tröllskap, græðgi, hatri, öfund og afbrýði. Þær persónur sem iðka dyggðirnar sigra álög og galdra hinna illu sem fá ævinlega makleg málagjöld að sögulokum.<sup>27</sup>

Ólíkt mörgum sögnum enda ævintýrin yfirleitt alltaf vel. Álfasagnir geta til að mynda endað hvorutveggja mjög vel og mjög illa.

## 2.2 Þjóðsögur

Söfnun þjóðsagna og ævintýra má rekja til þýsku bræðranna Jakobs og Wilhelm Grimm sem gáfu út Grimmsævintýri á árunum 1812–1815. Þeir höfðu safnað ævintýrum um Þýskaland og sögðust með því vera varðveita gamlan menningararf sem annars gæti glatast. Fljótlega fóru menn í öðrum löndum Evrópu að safna samskonar efni og á Íslandi var það Jón Árnason í samvinnu við Þjóðverjann Konrad Mauer sem tók saman efni og gaf út árið 1862 bókina *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. Í fyrra bindi þeirra bókar flokkar Jón Árnason sagnir í eftirfarandi flokka: Goðfræðisögur, draugasögur og galdrasögur. Þessi niðurröðun flokka var að dæmi Konrad Mauers sem hafði farið eftir þýskum reglum um flokkun þjóðsagnaefnis. Í útgáfu Jóns Árnasonar er ennfremur skipt í undirflokka og hann skipti draugasögum enn frekar í sögur af afturgöngum, uppvakningum, sendingum og fylgjum.<sup>28</sup> Íslenskufraeðingurinn Ármann Jakobsson hefur gagnrýnt þessa skiptingu og bent á í grein sinni „Flokkunarkerfi hins yfirnáttúrulega“ að kerfið sé gegnsýrt að flokkunarfræði náttúruvísinda 18. og 19. aldar, og að ekki sé hægt að flokka yfirnáttúrulegar verur eins og dýr úr ríki náttúrunnar. Þá bendir hann einnig á að orðið „tröll“ var fyrir á tímum notað yfir allt þetta í senn: galdramaður, draug og tröll.<sup>29</sup>

Bókin *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* þótti stórvirki þegar hún kom út og hlaut hún strax töluverða útbreiðslu. Á þessum árum voru Íslendingar að leita að sérstöðu

<sup>27</sup> Gísli Sigurðsson 1996:484–485

<sup>28</sup> Ármann Jakobsson 2010:187

<sup>29</sup> Ármann Jakobsson 2015:85–90

sinni sem þjóð. Þeir voru undir stjórn Dana og partur af sjálfstæðisbaráttu fólst í því að skapa þjóðinni sögulega fortíð og eigin sjálfsmynd óháð Dönum. Þjóðfræðingurinn Valdimar Tr. Hafstein fjallar meðal annars um þetta í grein sinni „Hjólaskóflur og huldufólk: íslensk sjálfsmynd og álfahefð samtímans“, og segir þá að Íslendingar hafi notað sagnir af álfum og huldufólki til að marka sér ákveðna sérstöðu í sjálfstæðisbaráttu sinni. Álfar og huldufólk stóð fyrir hinn hefðbundna Íslending, bændafólk sem heldur í sína gömlu siði og sitt sjálfstæði. Íslendingar þurftu að draga mörkin á milli sín og dönsku þjóðarinnar til að geta skilgreint sig frá þeim.<sup>30</sup>

Þjóðsögurnar höfðu mikil áhrif til þjóðernisvakningar og hefur hugtakið *þjóðsaga* átt sinn þátt í að fólk hefur tengt þær við sitt eigið land og þjóðina sem landið byggir. Héldu margir Íslendingar lengi vel að þjóðsögurnar væru alíslenskar. Sannleikurinn var samt sá að efni þjóðsagnanna er fjölþjóðlegt og eiga þjóðsögur Íslendinga sér hliðstæður með öðrum þjóðum. Því er einnig talað um *alþýðusögur* en þær sögur eru nátengdar landinu og þjóðinni sem hér hefur búið. Útgáfa þjóðsagna á 19. öld hafði áhrif á hugarfar Íslendinga varðandi þeirra eigin þjóðmenningu og á aðrar bókmenntir sem á eftir komu.<sup>31</sup>

Undir goðfræðisagnaflokknum í safni Jóns Árnasonar er að finna sagnir af álfum og huldufólki. Þær skiptast svo aftur niður í sögur af uppruna álfa og huldufólks, um fólk sem hefur liðsinnt álfum og verið ríkulega launað fyrir, um góðviljaða álfa í garð manna en einnig sögur af álfum sem hafa gert mönnum illt annað hvort vegna áreitiss eða að ástæðulausu. Til eru þjóðsagnir um það álfar brenni bæi fólks ef þeir eru reittir til reiði, drepi börn eða spilli heilsu fólks ef það er með læti eða sýnir bústöðum þeirra óvirðingu svo eitthvað sé nefnt.<sup>32</sup> Almennt boða sögur af álfum og huldufólki hjálpssemi við ókunnuga og greiðsemi, þeir sem eru góðir og taki erindum álfanna vel njóta góðs af. Ein saga í safni Jóns Árnasonar segir frá ljósmóður sem sótt var til huldukonu til hjálpar dóttur hennar í barnsnauð. Eins og í mörgum öðrum sögnum þar sem mannfólkið er beðið um aðstoð birtist huldufólkið fyrst í draumi sem verður svo að „veruleika“. Þegar ljósmóðirin hefur aðstoðað dóttur huldukonunnar sér hún hvar huldukonan ber smyrsl í augu barnsins og biður konuna að setja smyrsl í augu sín sem hún gerir. Því næst leysir

---

<sup>30</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:199

<sup>31</sup> Gísli Sigurðsson 1996:493-494

<sup>32</sup> Gísli Sigurðsson 1996:430-431.

huldukonan ljósmóðurina út með gjöfum og ekki dregur til frekari tíðinda fyrr en sumarið næsta. Þá sér ljósmóðirin huldukonuna í krambúð einni í kaupstað. Vegna smyrslsins góða sem hún hafði fengið hjá huldukonunni er hún fær um að sjá yfir í hulda heima. Þar stendur hún huldukonuna að því að vera að stela úr hillum búðarinnar: „Því gerirðu þetta, heillin? Máskæ að saklausum verði kennt það.“ Þá gekk huldukonan til hennar og blés í augu hennar sem hún hafði áður borið smyrslin í svo hún varð ekki skyggn frammar.<sup>33</sup> Í sögunni hjálpar ljósmóðirin huldufólkinu og fær ríkulega launað fyrir, jafnvel fær hún sýn inn í heima þeirra. En aftur á móti fer ljósmóðirin að skipta sér of mikið af lífi huldukonunnar og þá er tekið frá henni aftur sem henni hafði áður verið gefið, skyggnigáfan. Þessi saga er ágætt dæmi um þau samskipti álfa og manna sem álfasagnir lýsa, þar sem bæði er gefið og tekið.

Nútímasögur af álfum eru flestar um álfa sem náttúruvætti. Álfarnir standa vörð um og vilja varðveita náttúruna. Þeir vilja að hún sé óspillt. Valdimar Tr. Hafstein segir í áðurnefndri grein sinni: „Vættirnar standa í reynd vörð um dreifða byggð og hefbundna bændamenningu. Álfarnir verjast sem sé ásókn nútímataekni, sem birtist í mynd jarðýtunnar og skurðgröfunnar, steypunnar og malbiksins.“<sup>34</sup> Í dag skjótast álfar upp á yfirborðið til að mótmæla því að heimkynni þeirra kunni að vera eyðilögð. Álfar vilja að komið sér í veg fyrir þá eyðileggingu og eru því orðnir, að vissu leyti, að talsmönnum náttúrunnar eða náttúruverndar. Hjátrú sem tengd er álfum snýst einnig að miklu um virðingu gagnvart náttúrunni og að ekki eigi að spilla friðnum sem ríkir á milli álfa og manna – þeirra „rýmis“ og okkar.<sup>35</sup> Það er ekki lengra síðan en í mars 2015 að fréttir bárust af flutningum álfa í Gálgahrauni vegna þess að heimili þeirra væri í hættu. Álfarnir voru óhressir með að eyðileggja átti sögufræga álfakirkju og með aðstoð álfasjáanda náðist samkomulag um að bjargið, allt að sjötíu tonnum, yrði fært nálægt öðrum steinmyndunum þar sem talið væri að álfar héldu til. Flutningur á kirkjunni tókst vel í alla staði – samkvæmt álfasjáanda sem var á staðnum – og talið er að álfarnir á staðnum séu sáttir við niðurstöðuna.<sup>36</sup>

Í þjóðsögum er áhersla lögð á atburðarás en persónusköpun er jafnan einföld. Persónum er lýst með gjörðum þeirra og hvernig þær takast á við vandamálin sem

<sup>33</sup> Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson 2003:30

<sup>34</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:204

<sup>35</sup> Elísabet Rún Þorsteinsdóttir 2016

<sup>36</sup> Morgunblaðið 2015

upp koma. Markmið þjóðsagna er ekki að lýsa þroska eða innri átökum persónunnar heldur er þjóðsagnapersónan nógu almenn til að hver sem les sögurnar geti sett sjálfan sig í stað þeirra. Söguhetja þjóðsögunnar er hin „venjulega“ manneskja sem þarf að takast á við allskyns hættur sem reyna á hana og gera hana að hetju.

Andstæður góðs og ills eru skýrar í þjóðsögum og söguhetjan tekst á við fulltrúa illu aflanna. Þó svo að ævintýrin gerist í öðrum heimi en þjóðsögnin þá skírskotar þjóðsögnin gjarnan einnig til hins yfirnáttúrulega – en þau öfl eru þá staðsett í „okkar“ heimi – og ekki eru sett spurningamerki við tilvist huldufólks og álfa. Margar slíkar sagnir fjalla um hvernig samfélagi manna er teflt saman við ákveðin öfl eins og til að mynda náttúruna. Heimur mannanna, sem byggður er á rökum, reglufestu og öryggi, er þá stundum í hættu og hetjan leggur af stað inn í heim „hinna“ – heim sem er utan samfélagsins þar sem önnur lögmál eru og óskráð lög ríkja.<sup>37</sup>

### 2.3 *Fantasía*

Fantasiubókmenntir<sup>38</sup> gera út á handanheima eða hið yfirnáttúrulega, það er að segja hluti, persónur og atburði sem eru á einhvern hátt ólíkar því sem gerist í raunheimi. Nítjándualdar þjóðsögur, eins og þær sem finna má í safni Jóns Árnasonar, fjalla oft um heimsóknir á milli heima. Sagan af ljósmóðurinni sem ferðast inn í heim huldufólks og fær sýn að launum – sýn inn í heim þeirra – er gott dæmi um slíkar heimsóknir. Það að „við“ sjáum álf eða huldufólk í „okkar“ heimi kemur okkur skringilega fyrir sjónir – samanber orðatiltækið *að vera eins og álfur út úr hól* – og bregður nýju ljósi á annars hversdagslegt umhverfi okkar. Það sama gerist þegar „við“ förum yfir í „þeirra“ heima, hvort sem það er í vöku eða draumi, þá eigum við ekki heldur heima þar. Í sögnum af huldufólki er lesandinn því leiddur inn í aðra heima, aðrar víddir, þar sem önnur lögmál gilda, heim fantasíu og töfra.

Í heimi nítjándualdar álfasagna Jóns Árnasonar eru húsakostir álfa íburðarmeiri en hjá okkur í mannheimum. Álfarnir eru taldir vera fallegrir, betur klæddir og heimili þeirra litríkari og bjartari. Lýsingar á álfum og huldufólki í íslenskum þjóðsögum virðast hafa orðið rithöfundnum J. R. R. Tolkien hugleiknar þegar hann skrifaði sögurnar um *Hobbitann* og *Hringadróttinsögu*. Ekki er því hér

<sup>37</sup> Þuríður Jóhannsdóttir 1999:156-157.

<sup>38</sup> Í grein sinni *Töfraraunsæi í íslenskum samtímaskáldsögum* fjallar Sigríður Albertsdóttir um fantasíu og töfraraunsæi sem tvö hugtök í bókmenntum sem renna auðveldlega saman. Í þessu verkefni er aðeins rætt um fantasíu.

haldið fram að þetta séu sömu álfarnir en álfar Tolkiens eiga þó ýmislegt sameiginlegt með íslensku nítjándualdar álfunum: Álfarnir hans eru gæddir hvers konar eiginleikum, góðum og slæmum, þeir eru vitrir og að vissu leyti góðir. Þeir búa vel og hafa yfirnáttúrulega krafta. Þeir eru ekki óskeikulir og geta látið freistast af tilfinningum og gylliboðum. Og líkt og álfarnir í íslenskum þjóðsögum eru álfar Tolkiens tilfinningaríkir og geta reiðst illilega ef eitthvað er gert á þeirra hlut eða ef gengið er á það sem er þeirra eða sem þeir tilheyra.<sup>39</sup> Eflaust má tína til mörg dæmi þar sem bein tenging virðist vera á milli fantasíu-bókmennta og þjóðsagna af álfum en líklegast eru bækur Tolkiens þar þekktastar.

Sögur sem falla undir fantasíu eiga rætur sínar að rekja til goðsagna, þjóðsagna og ævintýra.<sup>40</sup> En skilin á milli þeirra eru ekki alltaf skýr. Hvenær byrjar þjóðsaga eða ævintýri að vera fantasía – og hvenær hættir þjóðsaga eða ævintýri að vera fantasía? Í grein sinni „Töfraraunsæi í íslenskum samtímaskáldsögum“, segir Sigríður Albertsdóttir að fantasían sé leið til að finna það óséða og ósagða í menningu okkar, eitthvað sem við þráum innst inni að kynnst. Auk þess segir hún að

fantasían leitist við að lýsa fyrirbærum sem hvorki er hægt að sjá né segja frá. Fantasían nærast á tvíræðni tungumálsins, þeim orðum og hugmyndum sem við náum ekki að setja fram eða tjá. Fantasían er það sem við getum hvorki afgreitt sem raunveruleika né ímyndun.<sup>41</sup>

Lýsing Sigríðar gæti einnig átt við um þjóðsagnir. Hlutverk fantasíunnar er að snúa við hefðbundnu sjónarhorni raunsæis yfir í eitthvað sem er ofar hefðbundinni skilgreiningu á raunveruleika. Fantasían opnar heim sem er nýr og spennandi og er rétt innan seilingar, heimar mætast og iðulega gerir textinn ráð fyrir því að persónan í honum þarfnist tengsla við hefðir og trúarbrögð þess samfélags sem hún er sprottin úr.<sup>42</sup> Þetta á einnig við um hið yfirnáttúrulega í þjóðsögnum en hugmyndir um aðra heima eða hulinsheima endurspeglar samfélagið sem trúir á þá eða vísar í þá, samkvæmt grein Valdimars Tr. Hafstein, „Hjólaskóflur og huldufólk.“ Þessir hulinsheimar afmarka „okkar“ heim og það sem er innan hans og er því nokkurs konar mótpartur okkar heima.<sup>43</sup> Hugmyndir um álfaheima hefur einmitt í gegnum tíðina verið sú að þeir endurspeglar samfélagið sem þeir tilheyri:

<sup>39</sup> Bryndís Björgvinsdóttir 2016:132-133

<sup>40</sup> Jackson 1995:4

<sup>41</sup> Sigríður Albertsdóttir 2000:82

<sup>42</sup> Sigríður Albertsdóttir 2000:84

<sup>43</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:199

Það er hins vegar ekki þar með sagt að annar heimur sé bara framlenging á þessum heimi – hann er miklu fremur mótpartur hans: Annar heimur markar af þennan heim og það sem er innan hans. Við notumst við marga ólíka hópa til að draga þessi mörk og skilgreinum um leið hvern hóp um sig sem „annarlegan“ á einhvern hátt, sem „aðra“ gagnvart okkur sjálfum. ... Svipuðu máli gegnir um álfana, með þeim hugsum við um hið staðbundna mannlega samfélag, um bæinn, þorpið, borgina. Kraftbirtingar yfirnáttúrunnar, þegar álfheimar láta til sín taka, sýna það sem er utan marka þessa samfélags, það sem tilheyrir öðrum, ekki okkur – og um leið fáum við betri hugmynd um hvað tilheyrir okkur og hver þessi „við“ erum.<sup>44</sup>

Í ljósi þessa samanburðar á fantasíum og þjóðsögnum væri einnig gaman að skoða hvernig fantasíur nota hið yfirnáttúrulega til að skilgreina „okkur“ og „hina“ – hver og hvernig „við“ erum. Slík rannsókn þarf þó að bíða annarra tíma.

---

<sup>44</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:199-200

### 3. Trú á huldar vættir

#### 3.1 Hjátrú

Yfirnáttúrulegar sýnir, skyggniháfa, álagablettir, verndargripir og draugagangur. Allt eru þetta hlutir nátengdir náttúrunni og hjátrú sem stundum er stillt upp sem andstæðu borgarmenningar nútímans.<sup>45</sup> Þó má enn finna álfatrú til að mynda í formi álfasteina og álagabletti innan borgar- eða bæjarmarka hér á landi. Hjátrú gamla sveitasamfélagsins virðist enn búa á meðal okkar í bæ og borg.

Í bókinni *Sjö, nú, þrettán* eftir þjóðfræðinginn Símon Jón Jóhannsson skilgreinir hann fyrirbærið hjátrú. Hann segir hjátrú vera trú manna á tilvist ýmissa vætta og annarra fyrirbæra sem brjóta í bága við ríkjandi trúarbrögð.<sup>46</sup> Símon Jón gefur hjátrúnni þrengri merkingu en þjóðtrú og segir hana aðeins vera hluta þjóðtrúarinnar. Hann útskýrir virkni hjátrúarinnar sem svo, að við grípum til hennar til þess að reyna að hafa stjórn á lífi okkar og örlögum við ákveðnar aðstæður sem eru ekki á okkar valdi. Þá er hjátrúin einnig notuð til að kenna einhverju um, til dæmis ef eitthvað gengur ekki eins og vonast var til.<sup>47</sup>

Hjátrú er yfirleitt ekki einstaklingsbundin heldur hefðbundin og lærð. Hún berst frá einum manni til annars, kynslóð fram af kynslóð, og sérhvert barn lærir að trú á því sem aðrir álíta vera satt eða rétt. Hjátrú vísar til þess sem er til hliðar við opinbera trú og hefur þar af leiðandi oft niðrandi merkingu eða er litin hornauga. Þjóðfræðingurinn Árni Björnsson skrifaði í grein sinni „Hvað merkir þjóðtrú?“ sem birtist í vorhefti *Skírnis* 1996 að nútímamerking orðsins þjóðtrú sé „ekki nema hundrað ára gömul. Fram undir síðustu aldamót merkti þjóðtrú jafnan hið sama og ríkistrú eða þjóðkirkja. Andstæða þess var hjátrú sem þýddi aukatrú líkt og hjákona merkir aukakona.“<sup>48</sup> Í viðtali sem birtist við Símon Jón og Valdimar Tr. Hafstein í *Morgunblaðinu* árið 1998 um hjátrú segir Valdimar jafnframt:

Hitt er svo aftur spurning sem krefst svara hverju sinni, hvað maður á við með „trú“ í þessu samhengi og hvort fólk „trúir“ því sem það hefur að þjóðtrú. Ég lít svo á að trúin sé systir efans og að hvorug þrífist án hinnar, það er að segja að þegar fólk notar trú í þessari merkingu, eigi það almennt við eitthvað sem það telur óvíst en hallast heldur að, alls ekki óbifanlega þekkingu.<sup>49</sup>

Það fylgir því gjarnan ákveðið öryggi að hafa tilveruna í röð og reglu. Breski mannfræðingurinn Mary Douglas skrifaði í bók sinni *Purity and Danger* – sem út

<sup>45</sup> Þuríður Jóhannsdóttir 1999:60

<sup>46</sup> Símon Jón Jóhannsson 1993:8

<sup>47</sup> Morgunblaðið 1998

<sup>48</sup> Árni Björnsson 1998

<sup>49</sup> Morgunblaðið 1998

kom árið 1966 – um hvernig við eignum öllum hlutum sinn stað í ákveðnu kerfi sem gefur tilfinningu fyrir röð og reglu en séu þeir færðir til umbreytast þeir í til að mynda óhreinindi, eitthvað hættulegt jafnvel eða „hluti á röngum stað“.<sup>50</sup> Hluturinn hefur að sjálfsögðu ekki breyst sem slíkur en við sjáum hann hins vegar með öðrum augum. Kenning Mary Douglas kallast á við íhaldssemi hjátrúarinnar eða þá tilhneigingu að hafa „hlutina“ í ákveðnu kerfi til að hafa einskonar stjórn á þeim: „Hjátrúin er í eðli sínu íhaldssöm og leitast við að halda fastmótaðri röð og reglu á tilverunni. Allt sem brýtur í bága við það sem er vanalegt eða „eðlilegt“ kann ekki góðri lukku að stýra,“ skrifar Símon Jón Jóhannsson í formála bókar sinnar *Sjö, níu, þrettán*. Um leið og vikið er út frá venjunni þá getur eitthvað breyst eða gerst og breytingar geta verið hættulegar. Það að fara frá einni braut yfir á „aðra“ eða frá einu svæði til „annars“ getur leitt til þess að allt fari úrskeiðis. Í ofangreindu blaðaviðtali um hjátrú tengir Valdimar Tr. Hafstein þetta einnig við tilraunir fólks til að henda reiður á tilverunni eða setja hana í ákveðið kerfi: „Því síður sem fólk hefur á tilfinningunni að það ráði ferðinni og því minna sem sjálfstraust þess er, þeim mun líklegra er það til þess að vera hjátrúarfullt og gera ytri áhrif, svo sem heppni, álög, drauga, töluna 13 og fleira, ábyrg fyrir því sem kann að henda,“<sup>51</sup> segir Valdimar.

Í grein sinni „Hjólaskóflur og huldufólk“ bendir Valdimar kannski fyrst og fremst á tengsl vegagerðar og álfasagna í dag, og segir það ekki vera neina tilviljun að álfar láti helst vita að sér þegar vegir eru lagðir yfir óspillta náttúru og þar með eru ákveðin mörk rofin – mörk sem fyrri skipan mála höfðu markað. „Þess vegna þarf ekki að koma á óvart þótt framkvæmdir sem rjúfa þessi mörk hrindi um leið opnum hliðum annars heims: Vegagerð og árásir vættanna eiga það sammerkt að rjúfa fyrirfram gefin mörk í rúmi, tíma og samfélagi.“<sup>52</sup> Með því að raska ró álfanna og opna það sem er innan þeirra marka er hrundið af stað ákveðinni óreglu og óskipulagi sem kann ekki góðri lukku að stýra.<sup>53</sup> Efniviður flestra álfasagna dagsins í dag eru til dæmis bilanir á tækjum og slys og óhöpp sem erfitt er að útskýra – en eru útskýrð með því að álfarnir hafi hefnt sín eða séu að láta vita af óánægju sinni.<sup>54</sup> Í slíkum tilfellum geta álfar orðið „hættulegir“.

---

<sup>50</sup> Douglas 1966:2

<sup>51</sup> Morgunblaðið 1998

<sup>52</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:204

<sup>53</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:204

<sup>54</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:200

Talið er að samfundir manna og álfa eigi sér stað á ákveðnum jaðartímum og svæðum „[á] stöðum eins og krossgötum og selum, tímamótum á borð við jól og nýár, [við] atferli sem rýfur boð og bönn samfélagsins, ... og það fólk sem helst á samskipti við álfa er líka einhvern veginn á mörkunum, gjarnan óskírð börn eða stúlkur og drengir sem eru kynþroska en ógift.“<sup>55</sup> Sem dæmi má hér nefna þá þjóðtrú Íslendinga að álfar flytji á nýársnótt og eru margar sagnir sem segja frá flutninum álfa og samskiptum þeirra við mannfólkið á þessum tíma. Á mínu heimili viðgekkst sú hjátrú eða siður, að á hverju ári var farið með eftirfarandi vísu á nýársnótt og álfar og huldufólk þar með boðið velkomið heimilisfólki til heilla – en ekki óheilla: „Komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem vera vilja og fari þeir sem fara vilja, mér og mínum að meinalausu.“<sup>56</sup> Í hjátrú er að finna ákveðinn siðaboðskap og virðingu fyrir máttarvöldum, virðingu fyrir umhverfinu og vangaveltur um hvernig hægt sé að lifa í sátt og samlyndi við náttúru og yfirnáttúru – svo ekki hljótist skaði af eða ógæfa.<sup>57</sup>

Hvort sem við notum hjátrú sem svar við óvissu eða grípum til hennar vegna skorts á sjálfstrausti – eða hvaðeina – hafa sögur sem tengjast hjátrú og álagablettum ákveðna dulúð yfir sér sem gerir þær spennandi. Frásagnir af álfasteinum og álagablettum hafa átt stóran þátt í að viðhalda álfatrú, meðal annars vegna þess að frásagnirnar eiga að minna á helgi viðkomandi staða og þá gera frásagnirnar út á ákveðið sannleiksgildi.<sup>58</sup> Slíkar frásagnir hafa nýst í gegnum tíðina „til að varðveita viðkomandi staði í margar aldir, jafnvel allt frá landnámi.“<sup>59</sup> Í tilfelli þar sem birtingarmynd hjátrúar kemur fram í verndun ákveðinna landsvæða má alls ekki hrófla við landsvæðinu því annars hlýst verra af.<sup>60</sup> Hjátrú lifir góðu lífi og enn erum við að færa fólk brauð og salt í nýjar íbúðir til að hýbýli þeirra færi þeim gæfu, enn erum við að setja mjólk út við huldufólkshýbíli á nýársnótt eða kveikja á kertum fyrir álfana, eins og gert er á hverju ári á Brekkugötu í Hafnarfirði þar sem ég ólst upp. Og enn fara áætlanir um nýbyggingar og vegaf framkvæmdir úr skorðum vegna álagabletta og húsakynna huldufólks – nú síðast í Gálgahrauni árið 2015.

---

<sup>55</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:205

<sup>56</sup> Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson 2003:169

<sup>57</sup> Símon Jón Jóhannsson 1999:5-9

<sup>58</sup> Terry Gunnell 2012:1

<sup>59</sup> Terry Gunnell 2012:1

<sup>60</sup> Terry Gunnell 2012:1

Í fimmta þætti *Reimleika* kemur fram að álfasögur eru oft sögur af boðum og bönnum sem æskilegt er að taka mark á svo ekki hljótist illt af. Einn viðmælandi þáttarins, Gunnar Helgason leikari, starfaði um árabíl við vegagerð og kynntist hjátrú heimamanna í sveitum landsins þar sem verið var að leggja vegi. Hann segir að enginn sem kynnst hefur hjátrú um álfa og huldufólk sé tilbúinn til að hætta lífi sínu upp á von og óvon að álfarnir hefni sín. Hann greinir sjálfur sögur af álfasteinum og álagablettum á þann gamansama máta, að annað hvort séu Íslendingar geðveikir eða að hér sé einungis á ferðinni sú gullna regla að allur sé varinn góður.<sup>61</sup> Orð Gunnars Helgasonar ríma ágætlega við útskýringu Valdimars Tr. Hafstein á hjátrúnni, þar sem hann talar um að hjátrúin sé systir efans, að fólk trúir ekki endilega því sem þjóðtrúin boðar, en leyfi efanum að njóta vafans – og þannig sé „allur varinn góður“, það er að segja: fólk tekur ekki áhættuna ef eitthvað illt kynni þá mögulega að henda.

Með því að rannsaka hið yfirnáttúrulega, eins og álfa og huldufólk, eru rannsakendur ekki einungis að skoða sálarlíf einstaklingsins sem segir sögur af slíkum verum, heldur einnig hvernig samfélagi maðurinn tilheyrir og hverju hann trúir hverju sinni. Samfélagið býr þess vegna til sína eigin yfirnáttúru í samhengi við það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni.<sup>62</sup> Hugtakið hjátrú inniheldur margskonar fyrirboða, bæði góða og slæma. Menn eru sífellt að finna leiðir til að koma í veg fyrir ólán eða auka vellíðan og gæfu. Þeir sem eru hjátrúarfullir telja að fyrirboðar geti vísað veginn inn í framtíðina og hægt sé að vinna gegn varasömum öflum fyrirboða með ákveðinni hegðan. Á sama hátt er hægt að nota góð öfl sér til hjálpar og framdráttar í lífinu.<sup>63</sup>

### 3.2 Álfatrú

Álfatrúin minnir okkur á að það þarf ekki allt að vera áþreifanlegt til að það teljist til okkar veruleika. Hugmyndir og minningar skapa einnig áþreifanlegan veruleika okkar.<sup>64</sup> Í þessum dúr má nefna að álfasteinar og álagablettir eru mjög áþreifanlegir og hafa haft raunveruleg áhrif á umhverfi okkar og gjörðir: hvernig við umgöngumst okkar nánasta umhverfi. Með álfatrúnni gat fólk einnig fyllt upp

<sup>61</sup> Bryndís Björgvinsdóttir. 2016. *Reimleikar*. Þáttur 5.

<sup>62</sup> Ármann Jakobsson 2015:90

<sup>63</sup> Símon Jón Jóhannsson 2007:12

<sup>64</sup> Birna Lárusdóttir 2011:422–3

annars fábreytilegan hversdagsleika með sögum af huldufólki og álfum, ekki ósvipað og fólk gerir í dag með annarskonar dægrastyttingu, samanber eplið og Apple-símann (Iphone og Mac-vörur) sem minnst hefur verið á. Hér er líka á ferðinni einskonar skemmtiefni, dægrastytting og fróðleikur sem tengir saman reynslu fólks af heiminum, þannig tengjum við líka kynslóða á milli.

Í minningabók Guðbergs Bergssonar – *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar* – lýsir Guðbergur álfatrú ömmu sinnar á þennan hátt:

[Amma] virtist trúa á huldufólk eða álfa, kannski síður af trúarþörf en löngun til að hafa félagsskap. Þannig hafði hún í kringum sig eitthvað annað en hversdagsleikann, eitthvað óvænt og furðulegt sér til dægrastyttingar í fásinninu undir fjöllum þar sem hún bjó við stöðugan brimný mótí opnu hafi. Í hennar augum var guð langt í burtu og ópersónulegur, en vættirnar hvarvetna, og huldukonurnar gerðu henni ýmist grikk eða mikinn greiða, miklu fremur en guð. Þær stálu stundum frá henni ryðguðum saumnálum og voru svo vænar að skila þeim aftur í grasivöxnum gjalla, jafn skínandi fægðum og þær væru nýkomnar í nálabréfi úr búð.<sup>65</sup>

Hér lýsir Guðbergur því hvernig náttúran í nærumhverfi ömmu hans höfðu bein áhrif á trúarhugmyndir hennar og sýn á heiminn. Hér er þó ekki aðeins um tengsl við náttúruna að ræða heldur einnig krydda samskiptin við vættina upp á hversdagslífið og bein samskipti á milli þessara tveggja heima eiga sér stað.

Trú á huldufólk, álfa og álagabletti hefur gegnt mikilvægu hlutverki í samfélaginu og eru sögur af álfum og huldufólki oft dæmisögur um víti sem ber að varast. Þeir einstaklingar sem fara eftir þessum óskrifuðu reglum er launað fyrir í lífi sínu á meðan hinum sem ekki fara eftir reglunum hefnist fyrir ótryggð sína.<sup>66</sup> Samfélag hvers tíma þarf sína álfa og huldufólk til að spegla sig í og þá er ekki einungis verið að tala um álfa og huldufólk 19. aldar heldur einnig samtímans eins og hann birtist okkur í dag.<sup>67</sup>

En hvort sem trúum sögnum um álfa og huldufólk er það staðreynd að með jöfnu millibili beinist orðræðan í samfélaginu, hvort sem er í munnlegri frásögn okkar á milli eða í fjölmiðlum, að álfum og þá oftast í samhengi við ferðamannaiðnað, framkvæmdir eða þjóðlegan fróðleik. Því beinist álfatrúin oft að byggðarþróun, húsbyggingum, útfærslu bæjar- og borgarmarkna, vega- og gatnagerð eða öðrum framkvæmdum sem þetta byggðina eða stækka hana. Guðbergur lýsir hins vegar annars konar sýn á álfana og náttúruna, sem stendur jafnvel í sterkara

<sup>65</sup> Guðbergur Bergsson 1997:112

<sup>66</sup> Birna Lárusdóttir 2011:420

<sup>67</sup> Ármann Jakobsson 2015:90

samhengi við samskipti manna við álfa eins og þeim er lýst í þjóðsögum Jóns Árnasonar. Í næsta kafla velti ég einnig upp þeirri spurningu, hvort enn sé fólk að segja sögur af síkum persónulegum samskiptum við álfa. Orðræða nútímasamfélagsins virðist því nota álfaumræðuna til að skilgreina aðra, það er hvernig aðrir en þeir sjálfir hugsa og setja fram sínar skoðanir.<sup>68</sup>

Álfar og huldufólk teljast til goðfræðisagna og í *Snorra Eddu* má finna sagnir af álfum sem eiga uppruna sinn á jörðu eða á himni. Í henni segir til að mynda frá fögrum og góðviljuðum ljósálfum sem bjuggu í álfaheimi staðsettum á himni nálægt goðheimum. En þar segir einnig frá illa innrættum verum, dökkálfum, sem voru alsettir svörtu biki og voru þeir búsettir á jörðu. Þá eru í þjóðsögum margar sögur um uppruna álfa og ber þeim öllum saman um að heimkynni huldufólks og álfa séu í jörðu og að bústaðir þeirra í hólum, klettum og dröngum.<sup>69</sup>

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er að finna dæmi um uppruna álfa og huldufólks og í einni sögunni er sú skýring gefin að huldufólk og álfar hafi orðið til þegar Adam og Eva neituðu að sýna guði öll börnin sín, þau sýndu aðeins þau börn sem voru hrein en ekki þau skítugu. Guð refsaði þeim fyrir þetta athæfi með því að fela skítugu börnin umheiminum. Þar með varð til álfa og huldufólk sem var ósýnilegt mönnum og bjó í holtum, hæðum og steinum.<sup>70</sup> Á öðrum stað í þjóðsögum Jóns Árnasonar segir svo um uppruna álfa:

Þegar djöfullinn forðum gerði uppreist á himni, þá var hann og allir þeir, sem með honum börðust, reknir út í hin yztu myrkur. Þeir, sem hvorki voru með honum né móti, og í hvorugan flokkinn gengu, voru reknir á jörð niður og skipað að búa í hólum, fjöllum og steinum og eru það álfar.<sup>71</sup>

Ekki hefur verið gerður sérstakur greinarmunur á álfum og huldufólki en óljós merki eru um að huldufólk standi ef til vill „nær“ sjálfri þjóðtrúnni en álfarnir. Það þykir líkara mannfólkinu bæði í útliti og klæðaburði, það þykir hvorki gott né illt að upplagi en sýnir á sér ákveðnar hliðar skapferlis eftir tilefnum. Álfarnir eiga það til að tengjast frekar veröld ævintýra og skáldskapar og berast þeir meira á en huldufólk, álfar klæðast litríkum fatnaði og búa í stærri húsum eða höllum.<sup>72</sup> Oft er þó enginn munur gerður á álfum og huldufólki og hafa þessar verur mjög svipaða og jafnvel samskonar virkni. Álfar og huldufólk er talið vera mjög dyntótt en er þó

<sup>68</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:199

<sup>69</sup> Ólína Þorvarðardóttir 1995:10–11

<sup>70</sup> Ólína Þorvarðardóttir 1995:9

<sup>71</sup> Árni Óla 1973:34

<sup>72</sup> Ólína Þorvarðardóttir 1995:10–11

jafnframt vinir vina sinna og vill allt fyrir þá gera. Talið er að álfum og huldufólki þyki gott að fá mjólkurdretil í skál á afvikinn stað seint á kvöldin. En álfar og huldufólk getur einnig verið hefnigjarnt og þá svífst það einskis. Það þolir illa að vera uppnefnt og má ekki tala um það af virðingaleysi, það hefur til dæmis verið kallað nöfnum eins og „góða fólkið“, huldufólk eða ljúflingar í virðingaskyni. Eftir að menn fóru að nota álfsnafnið í óvirðingarskyni um fólk sem var utan við sig líkaði álfum ekki álfsnafnið og sagan segir af konu einni sem var að skammast út í dreng og sagði við hann „álfurinn þinn“, þá hafi henni birst reið huldukona sem hafi sagt: „Við huldufólkið erum ekki meiri álfar en þið mennirnir.“<sup>73</sup>

Þessar samtímasagnir eiga það sameiginlegt, rétt eins og sagnir gamla tímans, að þegar álfar eða huldufólk er ekki sátt við ákveðnar gjörðir manna, á það til birtast í draumi með aðvaranir eða láta í ljós á einhvern annan hátt að það sé ekki sátt. Fólki kann þó að hefnast fyrir gjörðir sínar og er meðal annars dæmi um að fólk hafi veikst af undarlegum sjúkdómum og dáið eftir að hafa reitt álfa til reiði eða þegar einhver nákominn þeim hefur gert slíkt. Sem dæmi má nefna sögu um svæði sem rís hátt í Hafnarfirði – holtið við Jófríðarstaðarveg. Svæðið er óbyggt og þar er óleyfilegt að byggja þar sem álög eru talin hvíla á því. Það hafði þó einhverju sinni verið reynt og afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Maður einn Hendrik að nafni hugðist byggja sér þar bæ, og fór á holtið til að sækja stein:

Hendrik vissi að klöpp þessi vari talin álfabústaður, en lagði engan trúnað á slíkt. Hann hóf að kljúfa klöppina í kjallara húss síns. Man ég eftir miklu umtali um allt ólán, sem yfir Hendrik dundi og fjölskyldu hans, eftir að klöppin var skert ... einkadóttir Hendriks veiktist með undarlegum hætti að sagt var, og dó rétt eftir að þau fluttust í nýja húsið. Hendrik seldi Meulenberg biskup jörðina, og lét biskup svo um mælt, að enginn skyldi gerast svo djarfur að raska friði þeirra, er í klöppinni kynnu að búa og í næstu klöpp þar hjá. Standa þau fyrirmæli biskups óhöggð í dag.<sup>74</sup>

Enn stendur hóllinn auður og hægt er að skoða klofna klöppina. Hóllinn er vinsæll leikstaður fyrir leikskóla- og grunnskólabörn hverfisins sem virðist ekki verða meint af að leika sér á þessum fallega stað fyrir ofan gamla bæinn. Þarna virðast börnin geta leikið í sátt og samlyndi við þær verur sem þar kunna að búa.

---

<sup>73</sup> Árni Óla 1973:34

<sup>74</sup> Árni Óla 1968:240

### 3.3 Huldufólk og náttúran

Bannhelg svæði eða álagabletti er að finna í þúfum og hólum á túnnum og utan túns, í trjám og hríslum, steinum og tjörnum. Svæðin eru eign vætta eða álfa sem eru í nánú sambandi við þann sem yrkir jörðina, bóndann, og launa þeir honum með góðu eða illu eftir því hvernig hann ræktar samband sitt við þær. Á Íslandi er um ótal staði að ræða þar sem bannhelgi ríkir og ekki má hrófla við á nokkurn hátt.

Sameiginlegt með sögnum af bannhelgum stöðum er aftur á móti alltaf sú sama að mönnum hefnist fyrir að gera vísvitandi eitthvað á hlut vættanna sem gæta staðarins og eiga hann. Aftur á móti hefnist manningum ekki fyrir eitthvað sem hann gerir óafvitandi á bannhelgum stöðum. En væri huldufólki hvorki gert mein né bannhelgi þess rofin mátti vænta einhvers góðs að því sagt var að það launaði ríkulega fyrir sig.<sup>75</sup>

Stærstur hluti huldufólkssagna fjallar um það þegar bannhelgi er rofin og þá ógæfu sem gat af því stafað. Því er vert að skoða álagabletti og staði þar sem huldufólk eða álfa eru sagðir búa og gæta þess að það land sé ekki ofnýtt.<sup>76</sup> Andri Snær Magnason, rithöfundur, minnst á athyglisvert sjónarmið varðandi álagabletti í áður nefndum þætti, *Reimleikum*. Þar segir Andri Snær meðal annars að hugsanlega séu álagablettir fræbankar fyrir nærliggjandi svæði, samanber að Þjórsárver er fræbanki fyrir hálendið, og trúlegt þyki að fólk hér áður fyrr, meðvitað eða ómeðvitað, hafi verið að vernda ákveðin svæði til þess að græða önnur svæði í kring. Ýmis rök eru fyrir því að ákveðin náttúrusvæði ætti að vernda bæði út frá náttúrufræðilegum sjónarmiðum og menningarlegum. Hvað varðar aðra heima þá segir Andri Snær að eftir hann ræddi við álfasjáendur hafi skoðun hans breyst og hann sér ekki veruleikann aðeins sem „abstrakt“ heim heldur þurfi að taka með í reikninginn að vernda ákveðin svæði einmitt vegna þess að ef þeim sé eytt þá muni eitthvað slæmt gerast.<sup>77</sup>

Samfélag álfa og huldufólks – í álfatrúnni eins og hún birtist okkur – hefur lítið sem ekkert breyst í aldanna rás ólíkt okkar samfélagi þar sem talsvert er um breytingar og mikil þróun hefur verið á síðustu öld. Stækkun samfélags og ýmiskonar þróun styggir álfa og huldufólk og verður því brotthvarf þeirra mark um ákveðin tímamót milli samtímans og fortíðar. Samkvæmt álfatrú samtímans sjá

<sup>75</sup> Árni Óla 1968:9–10

<sup>76</sup> Ólína Þorvarðardóttir 1995:13

<sup>77</sup> Bryndís Björgvinsdóttir. 2016. *Reimleikar*. Þáttur 5.

álfarnir sig nauðuga að hverfa frá heimkynnum sínum vegna framkvæmda og skipulagsbreytinga í umhverfi.<sup>78</sup>

Í álfasögum standa álfarnir vörð um náttúruna sjálfa og er manningum þá gjarnan stillt upp andspænis þessari villtu og óspjölluðu náttúru sem þeir eiga að vernda eða standa fyrir. Þetta vekur upp spennu og spurningar vakna um hver ræður yfir hverju.<sup>79</sup> Því skjóta hugmyndir um álfa kannski helst upp kollinum þegar óspjallað land má finna í ræktuðu landslagi manna, í sveitinni í náttúrunni eða við bæjar- og borgarmörk. Álfar verða þá jafnvel að einhverskonar ímynd um hinna sönnu Íslendinga, þjóðlega náttúruverndarsinna – á meðan nútímamaðurinn sækist eftir því að eyðileggja og brjóta niður náttúruna og breyta henni í vegi og hringtorg.<sup>80</sup> Að þessu leytinu til má segja að álfarnir endurspegli einskonar samviskubit mannsins, yfir alla þeirra neyslu sem á sér stað í nútímasamfélagi og svo ekki sé minnst á náttúruspjöll og arðrán okkar gagnvart náttúrunni. Því má draga af þessu þá ályktun að álfasagnir samtímans beri vott um nostalgíu í íslensku samfélagi eða sektarkennd vegna þeirra öru samfélagsbreytinga sem hér áttu sér stað á 20. öld og fram til okkar daga.

Rannsóknir á náttúruvættum miðast ekki við að sanna eða afsanna tilvist álfa eða huldufólks heldur er leitast við að skoða og túlka álfasagnir í von um að geta varpað ljósi á okkur sjálf og það samfélag sem við búum í. Álfatrú hefur haft áhrif á hvernig við byggjum ákveðin svæði, bein áhrif á útlit og staðsetningu vega og bygginga í lóðum en mörg dæmi eru um staði þar sem trúin á þessar vættir hafa haft áhrif á manngert umhverfi.<sup>81</sup> Á Álfhólsvegi í Kópavogi er frægur stórgrýttur hóll sem skagar út í götuna og er sagður vera bústaður þriggja álfa, þegar síðast fréttist. Þegar fyrst átti að leggja veginn kláraðist féð sem ætlað var til framkvæmdanna. Þetta var á fjórða áratugnum og talið var að álfar hefðu komist í bókhald bæjarins. Næstu þrjú skipti sem átti að vinna á veginum gekk á ýmsu en talið er að álfarnir hafi komið í veg fyrir framkvæmdir fjórum sinnum við Álfhólsveg. Næstu skipti, áratug seinna, biluðu vinnuvélar eða hurfu á óskiljanlegan hátt. Þá var vegurinn sveigður til að steinninn gæti staðið óhultur. Í lok níunda áratugarins stóð til að endurbæta veginn, fjarlægja hluta af hólnum og malbika. Ekki vildi betur til en svo að tveir stórir borar brotnuðu við framkvæmdirnar og í kjölfarið neituðu verkamenn

<sup>78</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:208

<sup>79</sup> Bryndís Björgvinsdóttir 2016:128

<sup>80</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:209

<sup>81</sup> Bryndís Björgvinsdóttir 2016:127–128

að koma með vinnuvélar sínar að hólnum. Enn og aftur var því skipulagi við veginn breytt og sett gangbraut við staðinn og vegurinn þrengdur. Á níunda áratugnum var svo úthlutað lóðum við Álfhólsveg en það fór ekki betur en svo að lóðinni við Álfhólsveg 102 var skilað og er hún nú friðuð. Eigandi lóðarinnar gaf engar skýringar á lóðaskilunum aðrar en þær að hann væri ekki sáttur við lóðina.<sup>82</sup>

Náttúrulýsingar eru áberandi í álfasögum og lesandinn er leiddur í heim sem virðist vera langt frá reynsluheimi nútímamannsins. Heimur álfanna er einfaldur og þar er yfirsýn yfir samhengi hlutanna ólíkt óreiðukenndum heimi flókens borgarveruleika þar sem erfitt er að hafa reiður á hlutunum. Á móti kemur að maðurinn þarf alltaf að hafa varann á því heimur álfa og huldufólks er ekki hættulaus, náttúran býr yfir miklum krafti og hættum sem nútímafólk skilur ekki.<sup>83</sup>

Samkvæmt álfatrúnni virðast álfar og huldufólk vera í góðum tengslum við náttúruna líkt og maðurinn var áður – eða við ímyndum okkur að hann hafi verið. Á meðan maðurinn á að hafa misst sjónar af náttúrunni sökum mikilla breytinga á byggð, samgöngum og menningu þá hafa álfarnir og huldufólkið haldið sínum heimi nánast óbreyttum. Álfar og huldufólk endurspeгла á sama tíma hugmyndir okkar um náttúruna sem er alltaf ófyrirsjáanleg og getur verið góð en líka grim og óvæginn. Því má segja að álfar og huldufólk tilheyri öðrum tíma og það sem er einkennandi fyrir þá og framandi okkur er að skilningur þeirra og okkar á tíma og rými er mjög ólíkur. Þeir lifa í öðrum heimi, á öðrum tíma, í annarri vídd.<sup>84</sup>

Rithöfundurinn Kristín Helga Gunnarsdóttir kom fram í fimmta þætti *Reimleika*. Hún benti þar á að nágrennar bóndans í afdalnum séu náttúruöflin og huldufólkið sem sé í raun og veru holdgervingur náttúrunnar. Hún sagði ennfremur að líkt og náttúran er huldufólkið alltaf fegurra, sterkara, kraftmeira en við mennirnir. Það er einnig gæskufyllra en mannfólkið en um leið grimmara ef eitthvað er gert á þeirra hlut. Kristín Helga líkir huldufólki við „manneskjuna á sterum“. Kristín útskýrir álfatrúna sem svo, að náttúra landsins sé okkar yfirvald, og að við verðum að lifa með henni, við hliðina á henni í sátt og samlyndi, af virðingu og lotningu líkt og við gerum með huldufólkinu.<sup>85</sup> Gagnvart álfum og náttúrunni verðum við mannfólkið að hugsa fram í tímann – og af virðingu um þessi fyrirbæri

---

<sup>82</sup> Morgunblaðið 2006

<sup>83</sup> Þuríður Jóhannsdóttir 1999:158

<sup>84</sup> Bryndís Björgvinsdóttir 2016:135

<sup>85</sup> Bryndís Björgvinsdóttir. 2016. *Reimleikar*. Þáttur 5.

eigi okkur ekki að hefnast síðar meir fyrir gjörðir okkar í dag. Þótt álfarnir tilheyri kannski fortíðinni hvetja þeir mannfólkið til að hugsa til framtíðar.

## 4. Af samskiptum álfa og manna í Hamrinum í Hafnarfirði

### 4.1 Velkomin í álfabæinn

Það kannast margir við að Hafnarfjörður sé tengdur álfum og huldufólki og hefur bæjarráð gert út á álfabyggðina í bænum með ýmsum hætti. Þegar vegfarendur koma inn í bæinn við álverið í Straumsvík eru þeir til að mynda boðnir velkomnir í álfabæinn, þá hefur um nokkurt skeið verið starfræktur álfagarður í Helliggerði, sem var áður fyrr skrudgarður Hafnfirðinga. Í álfagarðinum er hægt að fá leiðsögn og fræðslu um þær verur sem sagðar eru búa þar í hrauninu. Það sem er einna merkilegast við álfabæinn Hafnarfjörð er að nánast hvergi á landinu eru skráðar jafn fáar sögur af álfum og huldufólki og einmitt þar. Samkvæmt Símoni Jóni Jóhannssyni eru einungis skráðar um þrettán sögur af huldufólki í Hafnarfirði og eitthvað af óskráðum sögum sem hann hefur safnað sjálfur. Í viðtali mínu við Símon segist hann í leit sinni að sögnum af álfum og huldufólki í Hafnarfirði lítið hafa fundið af sögum sem tengjast álfatrúnni og álfabyggðinni í bænum. Símon segir álfatrúna aðallega loða við Hamarinn og að álfatrúin komi helst fram í samtölum við fólk sem búi við hann. Hann segir að það séu í flestum tilvikum íbúar í húsunum við Hamarinn sem verða varir við álfana og geti sagt frá samskiptum sínum við þá. Auk sagna af Hamrinum eru skráðar sagnir af klettinum bak við gamla Lækjarskóla, holtinu við Jófríðarstaðarveg sem áður hefur verið sagt frá, Þórukletti við Jósepsspítala, flutningum álfa í Mjósundi ásamt sögnum úr hrauninu í Kaldárseli og af Álftanesi, svo eitthvað sé nefnt.<sup>86</sup>

Erla Stefánsdóttir álfasjáandi gerði kort af álfabústöðum í Hafnarfirði að ósk bæjaryfirvalda og þess má geta að þeir eru mun fleiri en taldir voru upp hér að ofan enda voru sýnir Erlu ekki skráðar niður sem þjóðsögur, heldur sem einskona munnmælasögur eða reynslusögur sem byggðust á því sem hún sjálf sá.<sup>87</sup> Erla sagði að í Hamrinum í Hafnarfirði búi alveg sérstakar verur sem eru líkari mannfólkinu en ýmsir aðrir álfar sem hún sá – og hafi mjög virðulegt yfirbragð. Hún telur það þurfi ekki skyggningáfu til að til að finna fyrir vættunum og segir það vera nóg fyrir fólk að leggjast niður og finna hvar manni líður vel og hvar ekki. Á sumum stöðum sæki að manni hrollur og ónot án þess að nokkuð sjáist sem gæti útskýrt líðanina.<sup>88</sup>

---

<sup>86</sup> Símon Jón Jóhannsson 2017

<sup>87</sup> hafnarfjordur.is 2017

<sup>88</sup> Arnar Guðmundsson 1992

Álagablettur er oftast grasi vaxinn blettur eða klettur sem ekki má hrófla við á nokkurn hátt. Þeir eru auðþekktir vegna nálægðar við áberandi kennileiti í landslaginu samanber við Hamarinn, Jófríðarstaðarholt, klettana bak við gamla Lækjarskóla og fleiri staði í Firðinum.<sup>89</sup> Á síðustu árum hefur Bryndís Björgvinsdóttir þjóðfræðingur í samvinnu við ljósmyndarann Svölu Ragnarsdóttur ljósmyndað, kortlagt og skráð niður yfir um fimmtíu staði á landinu þar sem sögur af álfum og huldufólki hafa haft bein áhrif á manngert umhverfi: staðsetningu húsa í lóðum, lagningu vega og svæða þar sem ekki má byggja eða breyta vegna þess að þau eru álitin vera álagablettir. Á þessum stöðum er sú hjátrú ríkjandi um að ekki megi hrófla við þessum svæðum á nokkurn hátt.<sup>90</sup>

Nálægt hólnum á Jófríðarstaðavegi, en aðeins neðar í hverfinu, er svo að finna klöpp sem kennd er við konu sem hét Þóra. Þóra bjó á lóðinni þar sem nú stendur St. Jósepsspítali en seldi nunnunum lóð sína undir spítalann með því skilyrði að þær létu alls ekki hrófla við klöppinni. Þóra hafði fyrir vissu að í klöppinni byggi álfkona sem hefði alla tíð verið góður nágranni hennar. Nunnurnar stóðu við sitt loforð og leyfðu klöppinni að njóta sín í fallegum vel hirtum garði.<sup>91</sup> Þessi sögn er ein af þessum fáu skráðu sögnum um álfa eða huldufólk í Hafnarfirði og má finna í bók Árna Óla, *Álög og bannhelgi*.

Einn viðmælenda minna, rithöfundurinn Anton Helgi Jónsson, sagði mér einnig sögu af Hellisgötu 12, húsi sem hann bjó í sem barn, rétt við Hellisgerði. Sagan hefur ekki verið skráð fyrr en nú og segir hún af beinum persónulegum samskiptum mannfólks og álfa. Móðir Antons Helga, Lotta, bjó á efri hæð hússins í þrjátíu ár og hafði heyrt að í stórum kletti sem stóð upp við húsið byggi huldufólk. Hún eignaðist dóttur og bjó ein með henni í nokkurn tíma. Þá birtist henni í draumi huldukona sem þakkaði Lottu innilega fyrir að gæta klettsins vel og reka krakka burt ef þeir væru að leika ofan á klettinum. Huldukonan bauð Lottu að líta eftir dótturinni og ekkert myndi koma fyrir hana ef hún þyrfti að skjótast í búð sem var á horni þarna rétt hjá. Anton Helgi segir móður sína aldrei hafa efast og gat hún skotist út í búð og skilið systurina eftir eina. Það eru tíu ár á milli Antons Helga og systur hans, en þegar Anton Helgi var smástrákur hafði huldukonan birst aftur í draumi móðurinnar. Hún vildi þá þakka Lottu kærlega fyrir samveruna en sagði að hún væri að flytja úr

---

<sup>89</sup> Terry Gunnell 2012:1–2

<sup>90</sup> Bryndís Björgvinsdóttir 2016:128

<sup>91</sup> Árni Óla 1968:239.

klettinum. Og þar með endaði þetta ævintýri. Mamma Antons Helga sagði honum þessa sögu þegar hann var tíu ára gamall og bætti þá við hana að það hefði aldrei nokkurn tímann verið hægt að skilja hann einan eftir – enda álfkonan flutt burtu.<sup>92</sup>

Eins og áður kom fram tengjast flestar álfasögur svæðisins frá Hamrinum. Hann var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1984 en þar eru að finna merkilegar jökulminjar.<sup>93</sup> Eins og áður sagði setur hann mikinn svip á miðbæ Hafnarfjarðar og hér áður fyrr naut hann vinsælda sem útivistarsvæði.

#### 4.2 Hamarinn

Heimildir herma að fólk hafi gjarnan gert sér ferð á Hamarinn hér fyrr á árum – með nesti – og það hafi þekkt til sögunnar af huldukonunni sem þar var sögð búa.<sup>94</sup> Í dag hafa vinsældir Hamarsins dvínað og lítið er gert til að laða fólk að staðnum. Hann er illa hirtur, mikið drasl safnast þar saman, stígar hafa máðst út og svo hefur gróður vaxið hratt undanfarin ár þannig að erfitt er að fóta sig á sumum stöðum. Fallegt útsýni er af Hamrinum og þar er útsýnisskífa. Erla Stefánsdóttir sjáandi sagði að yfir Hamrinum í Hafnfirði lýsi gul sól og fjólublár ljósbogi. Hún sagði að í Hamrinum væru glæstir salir, hátt til lofts og vítt til veggja og þar búi margt álfa og huldufólks. Það sé líkt og einhver verndarvættur sé í tengslum við Hamarinn og haldi verndarhendi sinni yfir bænum.<sup>95</sup>

Sögur af álfum og huldufólki hafa fylgt Hamrinum í gegnum tíðina. Sjálf hef ég búið undir Hamrinum og hef heyrt margar sögur af álfum og huldufólki tengdum honum. Í klettunum, höll álfanna, er talið að búi hvítklædd vera, huldukona af konungakyni sem heldur verndarhendi sinni yfir staðnum. Tveir viðmælenda minna, Sigurbjörg Karlsdóttir leiðsögumaður og eigandi álfagöngufyrirtækisins *Horft í hamarinn* og Símon Jón Jóhannsson þjóðfræðingur, nefna hversu öruggt svæði Hamarinn er talinn vera en þar hafa engin alvarleg slys átt sér stað svo vitað sé. Það þykir með ólíkindum að enginn hafi slasast í klettunum sem geta á nokkrum stöðum verið ansi hálr og hættulegir og fallið af þeim hátt. Sigurbjörg segir áhugann á álfagöngum vera tölvuverðan og sníður hún göngur sínar að hópnum hverju sinni. Hún segist þó ekki lengur fara upp á Hamar, hann sé orðinn erfiður og hættulegur yfirferðar vegna þess hve lítið er um hann gengið. Í gönguferðum sínum nemur hún

---

<sup>92</sup> Anton Helgi Jónsson 2017

<sup>93</sup> Ferlir 2017

<sup>94</sup> hafnarfjordur.is 2017

<sup>95</sup> Guðmundur Sigurfreyr Jónsson 2017

staðar við lækinn á Austurgötu og bendir skoðendum á Hamarinn og kallar hann „klettahöll“. Sigurbjörg segist hafa heyrt eina sögu af drengjum sem voru að leik í Hamrinum Lækjargötumegin þar sem Hamarinn er hár og brattur. Þar birtist þeim hvítklædd vera sem lyfti höndunum eins og hún væri að vara þá við.<sup>96</sup> Þá segir Símon frá þeirri trú að börnum sé engin hætta búin að leika sér á svæðinu, börn sem leika sér þar meiða sig ekki. Símon segir að sjáendur hafi greint frá því að í túninu við Flensborg leiki sér daglega álfabörn og að þau tali þýsku sem er skemmtileg tilviljun því Flensborg – framhaldsskóli sem stendur við Hamarinn – heitir eftir þýskri borg.<sup>97</sup>

Enn lifa sagnir um Hamarinn sem álfabyggð hjá íbúum við Brekkugötu sem stendur undir Hamrinum. Í bæjarblaði Hafnafirðinga, *Fjarðarpóstinum*, birtist fyrir jólin 2016 viðtal við íbúa við Brekkugötu sem heldur í sið sem tengist álfum og huldufólki. Hann segir að húsinu sem hann býr í fylgi hefð og að hver sem flyst í það fái góðar leiðbeiningar um hvernig skuli halda hefðinni við. Fyrrum íbúi hússins, séra Garðar Þorsteinsson, var prestur í Hafnarfjarðarkirkju um langt skeið eða frá 1932– 1977 og hann kom þessari hefð á samkvæmt blaðinu. Presturinn átti að hafa safnað saman öllum brunnnum kertastubbum úr kirkjunni á gamlárskvöld og sett í allar glufur í grjótveggnum neðan við Flensborg, við Brekkugötuna, beint á móti húsinu hans. Síðar hafi bæst við siðinn og núna er sett eitt kerti út á aðfangadagskvöld en á nýársnótt eru allar glufur fylltar kertaljósom líkt og presturinn gerði í upphafi. Allar götur síðan 1932 er sagt að hefðinni hafi verið haldið við og segir núverandi íbúi að þetta vekji eftirtekt hjá þeim sem eiga leið um götuna á nýársnótt og þeir sem þekki til siðarins beri hann áfram til sinna barna.<sup>98</sup>

Neðarlega við Brekkugötu bjó kona um áratuga skeið og hún varð oft vör við huldufólkið í Hamrinum. Anton Helgi Jónsson rithöfundur sagði þá einnig sögu af horfnum hlut sem hann hafði heyrt frá syni þessarar sömu konu. Sagan er á þessa leið höfð eftir Antoni:

Sólveig Eyjólfsdóttir bjó á Brekkugötu 5. Hún var mikil matráðskona og stóð fyrir veislum úti í bæ reglulega. Sólveig átti forlata skál og eitt skipti þegar hún var að undirbúa veislu ætlaði hún að ná í skálina til að nota í veislunni. En þá var þessi stóra fallega skál horfin. Sólveig gerði ekkert veður út af þessu og vissi vel að huldukonan í Hamrinum hefði fengið skálina að láni hjá henni. Hún yrði bara

---

<sup>96</sup> Sigurbjörg Karlsdóttir 2017

<sup>97</sup> Símon Jón Jóhannsson 2017

<sup>98</sup> Fjarðarpósturinn 2016

að bíða þangað til henni yrði skilað. Töluvert mörg ár liðu þar til skálin dúkkaði upp, huldukonan hafði þá skilað henni á sinn stað.<sup>99</sup>

Guðmundur Pálmar Ögmundsson íbúi til rúmlega fjörtutíu ára á Brekkugötu 7 sagði mér þá sögu af fánastöng sem átti að reisa ofarlega í garði hússins númer 9.

Guðmundur Pálmar hefur söguna eftir núverandi eiganda hússins:

Finnbogi Arndal bjó á Brekkugötu 9 um miðbik síðustu aldar. Hann hafði í huga að setja upp fánastöng ofarlega í lóð sinni fyrir þjóðhátíðina 1944 og byrjaði að steypa fót fyrir stöngina ofan á stórum steini. Þegar vinnan var komin vel á veg slasaði Finnbogi sig illa og kenndi álfunum í Hamrinum um. Hann hafði raskað ró þeirra. Hann lauk aldrei við stallinn og fánastöngin var aldrei sett upp.<sup>100</sup>

Yfirnáttúran virðist alltaf innan seilingar á Brekkugötunni og þó við sjáum hana ekki þá hefur hún áhrif á gjörðir okkar og birtist okkur í glufum grjóttveggja og ókláruðum stalli fyrir fánastöng.

Sagnirnar sem komu fram í viðtölum mínum styðja við þá niðurstöðu að hjátrú tengd álfum sé enn til staðar í dag og að sögur um álfa gangi enn, hvort sem þær eru sagðar í álfaferðum Sigurbjargar, af íbúum Brekkugötu eða þegar Anton Helgi segir frá samskiptum móður sinnar við huldukonu en hann hefur meðal annars samið ljóð um þessi samskipti.

#### *4.3 Mín eigin þjóðsaga*

Sagan af tignarlegu huldukonunni sem heimsótti mig um árið lifir áfram og flyst mann frá manni. Ég hef sagt hana mínum börnum og fyrrum nemendum mínum í unglingsdeild Öldutúnsskóla á árunum 2007 - 2016. Sagan hefur orðið að kveikju að stóru verkefni í ritun þar sem nemendur sömdu sínar eigin álfasögur og unnu með flökkusagnir. Sögur sem vinna með íslensk sagnaminni á þennan hátt vekja gjarnan áhuga og eftirtekt barna og unglinga.

Sögur af álfum og huldufólki lýsa þá hvernig hægt er að takast á við vandamál sem upp koma. Söguhetjan er oftast venjuleg manneskja sem þarf að sýna hvað í henni býr og takast á við sig sjálfa til að komast vel frá vandamálinu. Rétt eins og í ævintýrunum þá kemst enginn langt nema með því að viðurkenna hið yfirnáttúrulega og þá menningu sem sögunar birta – þar sem allt getur gerst. Sjálf trúði ég á sínum tíma því sem ég sá en ég vissi ekki hvaða erindi huldukonan átti við mig, eða hvort hún átti nokkuð erindi við mig yfirleitt.

<sup>99</sup> Anton Helgi Jónsson 2017

<sup>100</sup> Guðmundur Pálmar Ögmundsson 2017

Þegar ég lít nú um öxl velti ég fyrir mér hvort sýn mín um árið geti tengst hræðslu minni við myrkið og óttann við að vera ein heima. Í þriðju bókinni um Harry Potter, *Fanganum frá Azkaban*, eru nemendur við Hogwartsskóla kynntir fyrir „boggum“ í kennslustund hjá prófessor Lupin. Hann kynnir fyrir nemendum þessar skrýtnu verur sem hann segir engan vita hvernig líti út: „Boggar sækja í dimma og lokaða staði,“ sagði Lupin prófessor. „Klæðaskápa, undir rúm, í kompur, skápa undir eldhúsvöskum – ég hef meira að segja rekist á einn sem hélt til inni í standklukku“.<sup>101</sup> Prófessor Lupin heldur áfram:

Bogginn situr sem sagt í skápnunum og hefur enn ekki tekið á sig neina lögun. Hann veit ekki ennþá hvað manneskjan hinum megin við skáphurðina óttast mest. Enginn veit hvernig boggi lítur út þegar hann er einn, en þegar ég hleypi honum út breytist hann samstundis í það sem hvert okkar hræðist mest.<sup>102</sup>

Gæti það kannski verið, að huldukonan mín hafi verið það sem ég óttaðist mest í heiminum á þessum tímapunkti, þar sem ég var ein heima á dimmu vetrarkvöldi? Ég hef aldrei á ævi minni orðið jafn hrædd eins og þegar sýnin birtist mér, þó að huldukonan hafi ekki verið ógnvekjandi og ekki einu sinni sýnt mér nokkurn áhuga. Um leið og ég upplifði mestu hræðslustund lífs míns var eitthvað fagurt og spennandi við þessa stund. Hvort huldukonan í mínu lífi var minn eigin „boggi“ veit ég ekki en mér finnst engu að síður nokkuð ljóst að þetta kvöld var ég kynnt fyrir öðrum heimi, töfraheimi sem lýtur ekki sömu lögmálum og allt annað sem ég hef upplifað.

Sögur af álfum og huldufólki fjalla um heimsóknir á milli heimanna sem skilja þá að. Heimsókn huldukonunnar yfir í „minn“ eða „okkar“ heim kom flatt upp á mig því hún skar sig úr – var einskonar „hlutur á röngum stað.“ Það sama gerist þegar „við“ förum yfir til „þeirra“, hvernig sem við förum að því – við eigum ekki heima þar og erum frábrugðin þeim sem þar búa. Við erum „hinir“ í þeirra heimi og þau verða „hinir“ í okkar heimi. Þannig fjalla allar þessar sögur heima á milli einnig um „okkur“ og „hina“ og hvað það er að upplifa eitthvað óvenjulegt og framandi.

Barnið trúir því sem það sér og því að veruleiki þess sé „réttur“. Í mínu tilviki var huldukonan raunveruleg og ég hef aldrei vikið frá þeirri staðreynd. Kannski er ég föst á þroskaskeiði barnsins eða að trú mín á yfirnátúrulega hluti og kraft náttúrunnar sé mín leið til að halda í barnið í mér. Í blaðaviðtalinu um hjátrú sem birtist í *Morgunblaðinu* 1998 segir Valdimar Tr. Hafstein að svissneski

---

<sup>101</sup> Rowling 2012:94

<sup>102</sup> Rowling 2012:95

proskasálfræðingurinn Jean Piaget sé þeirrar skoðunar að hjátrú fullorðinna sé eftirstöðvar af ævintýraheimi sem börn þrífist í á vissu skeiði í þeirra lífi en vaxa síðan upp úr. Piaget heldur því fram að barnslegur skilningur okkar þegar við erum börn sé rótin að hjátrú okkar á fullorðinsárum.<sup>103</sup>

Að alast upp í umhverfi við Hamarinn hefur án efa mótað mig töluvert. Ofan á það sökkti ég mér ofan í lestur á ævintýrum og þjóðsögum. Hamarinn minn með mínum álfasteini, klettum og álfahöll kenndi mér að umgangast náttúruna af virðingu. Í Hamrinum var mín „helvítisgjá“ en í einni af mínum uppáhaldsbókum eftir Astrid Lindgren, *Ronju ræningjardóttur*, er sagt frá Ronju sem býr í hrikalegu landslagi með alls kyns vættum og hættum. Líkt og „helvítisgjá“ Ronju, sem var dauðadjúp gjá sem hafði myndast í óveðri eina nóttina, voru klettarnir í Hamrinum hættusvæði sem ég þurfti að læra að umgangast af öryggi og virðingu. Ronja æfir sig á hverjum degi að takast á við nýjar hættur í umhverfi sínu og verður að lokum sterkur, fullorðinn og sjálfstæður einstaklingur sem getur tekist á við lífið í hverri mynd sem það birtist. Með því að trúa á ævintýrið innra með sér tekst maður á við óttann og það ófyrirsjáanlega sem lífið hefur upp á að bjóða. Saga Ronju rímar skemmtilega við áðurgreind orð Adalheiðar Guðmundsdóttur íslenskufræðings, með því að horfast í augu við óttann, erum við að búa okkur undir lífið sjálft.

---

<sup>103</sup> Morgunblaðið 1998

## 5. Lokaorð

Markmið mitt með ritgerðinni var hvorki að sanna né afsanna tilvist álfa og huldufólks heldur að fjalla um hvernig trú okkar á vættir hefur haldist í gegnum aldirnar og birtist í dag – hvort sem við trúum á tilvist þeirra eða ekki. Það virðist ekki endilega vera mikilvægt að hafa séð huldufólk, álf eða til dæmis draug til þess að fólk trúi á tilvist þessara vera eða leyfa þeim að minnsta kosti að njóta vafans, eins og Gunnar Helgason leikari benti á. Mörg okkar viljum skoða og túlka efni gömlu þjóðsagnanna á þann hátt þar sé að finna einhvern sannleika um okkur sjálf og leiðsögn um hvernig við getum breytt til hins betra, bæði gagnvart okkur, náttúrunni og „hinum“. Sagnir af álfum og huldufólki í dag má einnig skoða með þessum augum enda virðast þær fjalla að stóru leyti um tengingu okkar við náttúruna – þá náttúru sem „þeir“ eða „hinir“ hafa staðið vörð um lengi og gera enn, að minnsta kosti ef litið er til þeirra dæma sem hér hafa komið fram.

Sagnir af álfum eru nógu raunsæjar til að hægt sé að taka mark á þeim en það er ekki hægt að sanna tilveru álfa út frá þessum sögum. Í dag virðast sagnir af álfum sem eiga í ástarsambandi við menn, eða af mönnum sem sóttir eru af huldufólki til að aðstoða þá í barnsnaud, vera á miklu undanhaldi, þó að þær lifi áfram í munnmælum í einhverjum mæli, eins og í tilviki Antons Helga sem segir sögur af móður sinni og samskiptum hennar við huldukonu. Nú ganga þess heldur nýlegri sagnir um álfa sem náttúruvætti sem varðveita land og náttúru. Á meðan maðurinn hefur þróað sitt umhverfi markvisst á síðustu áratugum hafa álfarnir og huldufólkið haldið sínum hóbýlum óbreyttum í klettum og hrauni og þar verða stundum árekstrar þegar víkka á út byggð mannsins, eins og kemur fram í sögum af álfum og vegagerð. Því má spyrja sig hvort álfasögur komandi kynslóða muni haldast í þessum dúr á næstu áratugum eða breytast enn frekar þegar fram líður – eða kannski bara hverfa með öllu. Áður fyrr voru álfheimar einskonar spegilmynd mannheima en hvernig er þetta núna?

Álfar búa enn, að því er virðist, við efni og aðstæður hins gamla íslenska bændasamfélags, þeir hafa ekki iðnvæðst eða flutt í blokkir, þeir keyra ekki um á Toyotum og þeir eru ekki áskrifendur að Stöð 2.<sup>104</sup>

Þetta skrifar Valdimar Tr. Hafstein í grein sinni „Hjólaskóflur og huldufólk.“ Og því má einnig velta fyrir sér hversu lengi við munum segja sögur af þessu gamla

---

<sup>104</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:205

Íslenska bændasamfélagi? En þá má ekki gleyma því, að með því að segja sögur af álfum og huldufólki erum við að „ræða“ um ákveðin málefni sem brenna á okkur – eins og til að mynda náttúruvernd – eða sem tengjast menningu okkar á einn eða annan hátt. Sagnahefð samtímans um álfa og huldufólk er því myndhverfing um ákveðnar samfélagsbreytingar sem gætu hugsanlega haft áhrif á gildismat okkar og sjálfsmynd. Álfar og huldufólk eru ókunnugar og framandi verur en eiga samastað í túnfætinum hjá okkur en þó í öðrum heimi en okkar.<sup>105</sup> Undir Hamrinum í Hafnarfirði má finna slíkan „túnfót“ og þar má enn þann dag í dag heyra álfasögur eða fólk ræða um hjátrú sem tengist álfum.

Þjóðsögur, ævintýri, fantasíur og flökkusögur eru sagnir sem við notum til að krydda líf okkar og gera það áhugaverðara og meira spennandi. Allar þessar sagnir hafa ferðast með manningnum svo lengi sem heimildir ná aftur og eru á engan hátt bundnar við ákveðin menningarsvæði eða heimsálfur. Sagnirnar lifa á hverjum stað þar sem fólk býr saman í stórum eða smáum samfélögum. Þær hafa ákveðið upplýsingargildi og hjálpa til við að móta lífsskoðanir og framtíðarsýn þeirra sem deila sögunum sín á milli.

Með þessari umfjöllun hef ég reynt að varpa ljósi á gildi sagnarinnar; ævintýrisins, þjóðsögunnar og fantasíunnar. Við höfum frá því við erum börn þörf fyrir að komast á staði fjarri okkar eigin og eigum auðvelt með að detta inn í heima annarra vídda og vætta. Hræðslan við hið óþekkta fylgir okkur og þá geta sagnirnar hjálpað til við að styrkja okkur og þroska. Ég er viss um að kynslóðir sem á eftir koma munu halda áfram að leita í þjóðsögur og kynna sér staði í sínu nærumhverfi þar sem vættir eru sagðar búa. Sem grunnskólakennari til fjölda ára verð ég að segja að skólasamfélagið hefur haldið þessu við en það mætti gera meira úr því að fara með nemendur út fyrir skólalóðina og á staði þar sem þeim eru sagðar sögur sem tengjast þeim. Þannig væri hægt að tryggja að arfurinn flytjist áfram til næstu kynslóðar og svo koll af kolli. Í rannsókn minni á sögnum af Hamrinum kom mér á óvart hversu lítið er til af skráðu efni þar sem staðurinn er afar áberandi kennileiti í Hafnarfirði og hefur löngum verið orðaður við huldufólk og álfa.

Um leið og þetta er skrifað heyrir ég foreldra mína ræða við ungt par sem er að flytja inn í húsið við hliðina á þeim, húsið númer 5, við Brekkugötu, undir Hamrinum. Á sama tíma og þau eru boðin velkomin í götuna fá þau að heyra um

---

<sup>105</sup> Valdimar Tr. Hafstein 2003:200-206

huldukonuna sem býr í klettunum fyrir ofan húsið þeirra og hverju þau geta átt von á í samskiptum við hana. Þarna varð ég vitni að því hvernig sagnir berast á milli kynslóða. Ég vona að fleiri sagnir eigi eftir að líta dagsins ljós og að þeir sem til þeirra þekki skrái þær niður og safni þeim saman því álfasögur eru ef til vill merkilegri en við höldum. Við gætum þurft á þeim að halda til að búa okkur undir að takast á við lífið í ófyrirsjáanlegri framtíð.

## Heimildir

- Anton Helgi Jónsson. 2017. Viðtal við höfund um hjátrú, álfatrú og álfasögur úr Hafnarfirði, 18. apríl.
- Arnar Guðmundsson. 1992. Álfarnir sjást með ævintýraaugunum. [Viðtal.] *Helgarblaðið*, 26. júní. Sótt af vef *timarit.is* 7. maí 2017.  
<http://timarit.is/files/20213001.pdf#navpanes=1&view=FitH&search=%22Huldufólk%20álfar%20og%20og%22>
- Ármann Jakobsson. 2006. „The Extreme Emotional Life of Völundr the Elf.” *Scandinavian Studies* 78: 1–28.
- Ármann Jakobsson. 2010. „Íslenskir draugar frá landnámi til lúterstrúar: Inngangur að draugafræðum.“ *Skírnir* 184:187–190.
- Ármann Jakobsson. 2015. „Flokkunarkerfi hins yfirnáttúrulega.“ *Mæna:Tímarit og vefur um grafíska hönnun*.2015:8–90.
- Árni Björnsson. 1998. „Hvað merkri þjóðtrú?“ *Vefnir, tímarit félags um átjándu aldar fræði*. Vefnir: 1.Vefrit 1998. Sótt 7. maí á <http://vefnir.is/grein.php?id=692>
- Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. 2003. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Bókaútgáfan þjóðsaga – prentsmiðjan Hólar, Reykjavík.
- Árni Óla. 1968. *Álög og bannhelgi*. Setberg, Reykjavík
- Árni Óla. 1973. *Huldufólk*. Setberg, Reykjavík.
- Bettelheim, Bruno.1991. *The uses of enchantment: The meaning and importance of fairy tales*. Penguin Books, New York.
- Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist: Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Bókaútgáfan Opna, Reykjavík.
- Bryndís Björgvinsdóttir. 2008. „Stóra nammilandsmálið: ½ gramm af njálgi gert upptækt.“ *Stúdentablaðið*, 85(2):6–7.
- Bryndís Björgvinsdóttir. 2012. „Af hverju eru konur með fætur? Eiginkonur, ljóskur, hórur og fleiri kvenpersónur í bröndurum.“ *Skírnir*. 186:413–134.
- Bryndís Björgvinsdóttir. 2016. Þáttur 1. *Reimleikar*. Sjónvarpsþáttur. Útgefandi RÚV og Vesturport, Reykjavík.
- Bryndís Björgvinsdóttir. 2016. Þáttur 5. *Reimleikar*. Sjónvarpsþáttur. Útgefandi RÚV og Vesturport, Reykjavík.
- Bryndís Björgvinsdóttir. 2016. „Að verða álfur – að verða norn: Andstæður, sjálfsmyndir og þjóðtrú.“ *Skírnir*, 164:127–145.
- Brunvand, Jan Harold.1986. *The mexican pet: More “New“ Urban Legends and Some Old Favorites*. W.W Norton and company, New York.

- Douglas, Mary. 1966. *Purity and Danger: An Analysis of Concepts of Pollution and Taboo*. Routledge, United Kingdom.
- Elísabet Rún Þorsteinsdóttir. 2016. „Hvað er með álfum.” *Stúdentablaðið*. Sótt 7. maí 2017 af <http://www.studentabladid.com/efni/2016/3/14/hvad-er-med-alfum>
- Ferlir*. 2017. Sótt 7. maí 2017 af <http://www.ferlir.is/?id=6786>.
- Fjarðarpósturinn*. 2016. Lýsa upp klettavegginn kl.18 á aðfangadag. Sótt 7. maí 2017 af <https://issuu.com/fjardarpostur/docs/fp01122016-web>
- Gísli Sigurðsson. 1996. Þjóðsögur. *Íslensk bókmenntasaga III*. Ritstjóri Halldór Guðmundsson. Bls. 407–494. Mál og menning, Reykjavík.
- Guðbergur Bergsson. 1997. *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*. Forlagið, Reykjavík.
- Guðmundur Pálmar Ögmundsson. 2017. Viðtal við höfund um hjátrú, álfatrú og álfasögur úr Hafnarfirði, 18. apríl.
- Guðmundur Sigurfreyr Jónasson. 2017. Dulskynjanir Erlu Stefánsdóttur. *Greinasafn Sigurfreys*, 7. maí 2017 af <http://www.gamli.sigurfreyr.com/erla.html#alf>
- hafnarfjordur.is*. Sótt 7. maí 2017 af <https://www.hafnarfjordur.is/mannlif/menningararfur/alfar-og-vikingar/>
- Jackson, Rosymary. 1995. *Fantasy. The literature of subversion*. Routledge, London.
- Jón Yngvi Jóhannsson. 1999. Í ævintýraskóginum: Um textatengsl í *Skilaboðaskjóðunni. Raddir barnabókanna*, bls. 137–151. Ritstj. Silja Aðalsteinsdóttir og Hildur Hermóðsdóttir. Mál og menning, Reykjavík.
- Morgunblaðið*. 1998. Hjátrúin er systir efans. Sótt 7. maí 2017 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/382466/>
- Morgunblaðið*. 2006. Álfhóll í Kópavogi. Sótt 7. maí 2017 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1111290/>
- Morgunblaðið*. 2015. Álfarnir sátir á nýjum stað. Sótt 7. maí 2017 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/03/18/alfarnir\\_sattir\\_a\\_nyjum\\_stad/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/03/18/alfarnir_sattir_a_nyjum_stad/)
- Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur: Álfar og tröll*. Bóka- og blaðaútgáfan sf, Reykjavík.
- Rakel Pálsdóttir. 2001. *Kötturinn í örbylgjuofninum og fleiri flökkusagnir úr samtímanum*. Bjartur, Reykjavík.
- J.K.Rowling. 2012. *Harry Potter og fanginn frá Azkaban*. Helga Haraldsdóttir þýddi. Bjartur. Reykjavík.
- Sigríður Albertsdóttir. 2000. „Töfraraunsæi í íslenskum samtímaskáldsögum.“ *Tímarit máls og menningar*, 1:8–101.
- Sigurbjörg Karlsdóttir. 2017. Viðtal við höfund um hjátrú, álfatrú og álfasögur úr Hafnarfirði, 18. apríl.

- Símon Jón Jóhannsson. 1993. *Sjö, nú, þrettán*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Símon Jón Jóhannsson. 1999. *Stóra hjátrúarbókin*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Símon Jón Jóhannsson. 2007. *Fyrirboðar, tákn og draumaráðningar*. Veröld, Reykjavík.
- Símon Jón Jóhannsson. 2017. Viðtal við höfund um hjátrú, álfatrú og álfasögur úr Hafnarfirði, 13. apríl.
- Svava Jakobsdóttir. 1982. *Öskubuska í austri og vestri*. Iðunn, Reykjavík.
- Terry Gunnell. 2012. „Kraftur staðarins. Íslenskar sagnir um álagabletti í samanburði við erlendar sagnir.“ *Þjóðarspejillinn*. 2012:1–9.
- Valdimar Tr. Hafstein. 2003. „Hjólaskóflur og huldufólk: Íslensk sjálfsmynd og álfahefð samtímans.“ *Þjóðerni í 1000 ár?* Bls. 197–213. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Whatley, Mariamne H. og Elissa R. Henken. 2000. *Did you hear about the girl who...? Contemporary legends, folklore, and human sexuality*. New York University Press, New York.
- Þuríður Jóhannsdóttir. 1999. Út fyrir borgarveggina – um þjóðlegan menningararf og sýn á íslenska náttúru í nokkrum nýlegum unglingsbókum. *Raddir barnabókanna*, bls.152–177. Ritstj. Silja Aðalsteinsdóttir og Hildur Hermóðsdóttir. Mál og menning, Reykjavík.